vid ad eg skule uñ-mæla. Ofeigur mælte, hvoru kijs þu til med þier? Geller svarar, Eigil mun eg kioosa, hañ er mier nærstur. Ofeigur mælti: Hevr Endeme, kijs þu þañ er verstur er af ydru Lidi; Og biki mier mikid fyre ad uña honum Sæmdar-Hlut, og veit eg ei hvort eg vil þad til viña. Puræi ut nu qvad Geller, Ofeigur mælti: Viltu þa gaunga i Mælid, ef eg kiæme honum til med þier, þvi sia mun hañ kuña, hvort betra er ad taka nockra Sæmd edur eingva, so mikid sem mier kaupist seigir Gellir. Þa ætla eg ad eg munj tilhætta. Þa mælti Ofeigur: Uñ hofum vid talad edur, og sijnist honum ei torvelldlegt Mæled, og er hañ i komiñ. Nu mun eg giefa Rad til hvorsu med skal fara: Flockur ydar Banda-Mañ er allur mog samañ i Gaungu, nu mun þad eingiñ Madur gruna, þo ad þid Eigill tahist vid, þa er þid gaunged til Aptan-Saungs, slijkt er yckur lijkar. Gellir tekur nu vid Fenu, og er þetta raded med þeim; Sijdañ fer Ofeigur i burtu, og til Bwdar Eigils, Eñ hvorki nu seint nie Krookoolt, og ei biwgur, og sagdi Eigli hvar komid er; Lijkar honum nu vel. Epter þad uñ Kvolldid gaunga Meñ til Aptan-Saungs, og talast þeir Eigill og Gellir vid, og semia þeir mille sijn. Granar þetta eingiñ Madur. Nu er sagt fra þvi, ad Aññañ Dag epter, gaunga Meñ til Leg-Bergis; Þeir Eigill og Gellir safna ad sier Vinum sijnum. Ofeigur safnade med þeim Stirmir og Þorarne, og er Meñ voru komner til Leg-Bergis, þeir sem þaungad var Von, þa qvaddi Ofeigur sier Hlioods, og mælti: Jeg hefi verid Ohlutdeiliñ uñ Mæl Odds Sonar minns hier til, Eñ þo veit eg ad nu eru þeir einer hier, er mest hafa geingid ad þessu Mæle, vil eg fyrst qveda Mæli Hermund, þvi þetta hafi med meiri Fiædæmum gisrt verid, eñ Meñ vite Dæmi til, og so framfarid, og ei Olijkt ad med þvi endist. Nu vil eg þes spyria, hvort nockur Sætt skal koma fyrer Mæled? Hermundur svarar: Ecki vilium vier utañ Sieelsdæmi. Ofeigur mælti: Til þess munu Meñ vita traudt Dæmi, ad eiñ Madur hafi sellt 8 Mønum Sieelsdæmi a einu Mæli; Eñ til þess eru Dæmi, ad eiñ Mañur selie einum Mañi allt, Eñ þo hefur þetta med meirum Fiædæmum geinged, helldur eñ hvort añara, Þo vil eg giora ad 2. Meñ gisre uñ af ydrum Flocki. Hermundur svarar: Þvi munum vier vijst jaata, og hyrdum ei hvorier 2. gisra. Þa munu þier uña mier þess, segir Ofeigur, ad eg hafe þa Veg-Tillu, ad eg kioosi af ydur Banda-Mønum þau 2. er eg vil. Jaa jaa, segir Hermundur. Þa mælti Þorariñ: Jaata þu þvi eina i Dag, ad þu ydrist ei a Morgun; Ecki skal nu aptur taka, segir Hermundur. Nu leitar Ofeigur Borgunar-Mañ, og vard þad audvelldt, Þvi Fiærstaddur var vijs. Nu takast Meñ i Hendur, og Handsala þeir Fegiælld slijk sem þeir vilia gisrt hafa, er Ofeigr nefndi til. Eñ aktir Banda-Meñ Handsala Midursall a Sokum. Nu er so ætlad, ad Banda-Meñ skuli gaunga uppa Vøllu med Flocka sijna; Flockur þeirra Gellirs og Eigils, gaunga bæder samañ, og setiast nidur i eiñ Stad i Hverfing. Eñ Ofeigr geingur i Hrijngiñ, og lytast uñ, og lypter Kaupu-Hettinum, strijkur Handleggina, og stendur helldur keikur, tilldrar Augunum, og taladi sijdañ: Þar situr þu Stirmir, og mun Mønum þad undarlegt þykia, ef eg læt þig ei koma i þetta Mæl er mig tekur henda, Þvi eg er i Pijng-Reid med þier, og a eg þar til Trausts ad fiandi er þu ert, og þu hefur margar goodar Greafir af mier þeiged, og allar illa launad, hyggst mier og so sem þu hafir uñ þeñañ Hlut, fyrstur Mañ Fiandskap sijndt Oddi Syne mijnum, og vallded mest, er Mæled var upptekid, og vil eg þig fraa taka. Þar situr þu Þorariñ, segir Ofeigur, Og er vijst ad ei muni hier til bera, ad þu hafir ei Vit til uñ þetta Mæl, Eñ þo hefur þu Oddi til Oburfstar lagt i þessare Grein, og fyrstur Mañ med Stirmir tekid under þetta Mæl, og vil eg þig syre þvi fraa kioosa. Þar situr þu Hermundur, mikill Høfdingi, og þad ætla eg, ad þa mundi vel komid, Þo under þig være viked Mæleinu, eñ þo hefur eingiñ verid jafn-æstur, sijdañ þetta haofst, og þad sijst, ad þu villder Ofriamañ leysa; Hefur þig og ecki ildreiged, uema Osoomi og Agyrni, Þyjad þig skorter ecki Fe, og skil eg þig fraa. Þar situr þu Jarnskeggi, og skorter þig ei Metnad til ad gisra uñ Mæled, og ei mundi hier illa lijka, þo ad under þig kiæmi þetta Mæl, Og so var Metnadur þijn mikill, ad þu lietst bera Merki fyrer hier a Vøsslu-Pijngi, sem fyrer Kongum, eñ þo skalltu ei Kongur yfir þessu Mæli vera, og kijs eg þig fraa. Nu lytast Ofeigur uñ og mælti: Þar situr þu Skeggbroddi Biarnarson; Eñ hvert er þad satt, ad Haralldur Kongur

Digitized by Google

Sigurdarson mælti, þa er þu varst med honum, ad honum þætti þu best fallen til Kongs, þetta Maña er vt hier eru? Brodbi svarar: Opt taladi Kongur veltil mijn, eñ ei þad raded, ad honum þætti allt sem þu talar. Þa mælti Ofeigur: Yfir sdru Kalli þu Kongur vera, eñ yfir þessu Maali, og kijs eg þig fraa. Þar situr Gellir segir Ofeigur, Og hefur þig ecki dreigid til þessa Maals nema einsomul Fegyrne, og er þad þo nockur Vorkun, er þu ert Fevana, eñ hefur miked ad Raadi, nu er eg veit ei, þo ad mier þyke aller Jlls af verdur, nema nockur verdi Virding af ad hafa þessu Maale, Þviad un eru fœer epter, eñ eg neñi ecki ad kiosa þau til, er vndur hefi eg fraa vijsad; Þvi kijs eg þig til, ad þu hefur ei audur ad Reanglæti kiendur verid. Þar situr þu Þorgeyr Halldorsson, segir Ofeigur, Og er þad sijnd, ad þad Maal hefur aldrei komed under þig, er Maala Skipti liggia vid, Þvi þu kañt ei Maal ad meta, helldur eñ Uxi og Asni, og kijs eg þig fraa. Þa litast Ofeigur uñ, og vard Staka ad Muñi.

Jlt er Jtum
Elli ad bijda,
Tekur hun Seggi
Fraa Syn ok Vitsku.

Atta ek Val nærsta
Nijtra Dreingia,
Nu er Ulfs Hali
Eiñ epter ordiñ.

Og hefur mier farid sem Varginum, Peir eta þar til er ad Halanum kemur, og siña ei fyrre: Þeg hef ætt ad velia uñ marga Hofdingia, eñ nu er sa eiñ epter er ollum mun þykia Jlls ad Von, Og sañur ad þvi, ad meire Ofafnadar Madur er eñ hvor añar, og ei hyrder hvad til Fiarins viñur, ef hañ fær þa helldur eñ audur, Og er honum þad Vorkun, þo hañ hafe hier til verid Ohlutvandur uñ, er so hefur margur i vafist, er audur var kalladur Riettlætur, og lagt nidur Dad eñ tekid upp Agyrne og Reanglæti: Nu mun cingum þad i Hug koma, ad eg munde þañ til kiosa er ollum er Jlls ad Von, Þviad ei mun hittast añar slægari i ydru Lide, eñ þo mun þar nu nidur koma, þvi adrer vilia þad, og verd eg ad kiosa þig Eigill. Eigill broste vid og mælti: Þad er nu til Raads Gellir, ad vid stondum upp og gongum i burt, og tolum med ockur Mæled, Peir gisra nu so, gaanga i burt þadañ, og setiaſt nidur, Þa mælti Gellir: Hvad skulum vid hier uñtala? Eigill mælti: Þad er mitt Raad ad gisra litla Fer Sekt, Og veit eg ei hvad til añars kiemur, eñ þo munum vid litla Vinsemd af hliota: mun ei fullkomed, þo vid gisrum 13. Aura Silfurs edur Ovandads Fiar, segir Gellir, Þviad Mælefniñ eru med miklum Reangindum upptekiñ, Og er þvi betur er þeir una verr vid, eñ ecki em eg fus ad segia upp Gisrdina, þviad mig vænter þess þad illa muni hugna; Gisr hvort er þu villt, segir Eigill, Seg upp Sættina, edur sit fyrer Sysrum: Þad kijs eg, segir Gellir, ad segia upp Sættina. Nu gaanga þeir a Fund Banda Maña, Þa mælti Hermundur: Stondum upp og heyrum Ofsomañ, Þa mælti Gellir: Ecki munum vid fijdar vitrare, og mun allt til eins koma, Og er þad Gisrd ockar Eigils, ad gisra oss til Handa Banda Mañum 13. Aura Silfurs, Þa segir Hermundur: Hvort skilst mier riett, Sagder þu 13. Tiju Aura Silfurs? Eigill svarar: Ecke var þad, Hermundur, edur sattu a Hlustunum, er þu stodst upp a Fæturnar? Vijst 13. Aura, Og þo þess Fiar, er eingum er vidtækt O-vesium; Þad skal giallda i Skiallda Skriflum, og i Bauga Brotum, og i ollu þvi O-rijstegast fæst til, og þier uned vest vid, Þa mælti Hermundur: Sviked hefur þu vss Eigill. Er so, segir Eigill: Pykist þu nu svikiñ? Jaa, svikiñ þykist eg, og hefur þu mig sviked, segir Hermundur; Eigill svarar: Þad þyke mier vel ad svikia þañ er eingum trwer, og ecki helldur stadfum sier, og mun eg siña Sonur a Maale minu uñ þetta, er þu salst Fe þitt i so mikille Þu, ad þu ætlader (þo hier skiti þvi i Hug ad leita hess) ad þu skilder aldrei siña, Hermundur svarar: Þettaer sem añad þad þu lijgur Eigill, þad þu segir, a Vetre er þu komst heim ofañ þadañ, er eg hafde boded hier heim vr Hrak-Bwenu uñ Jooleñ, og varstu þvi feigeñ sem Von var ad, eñ er wti voru Jooliñ, þa O-gladdist þu sem Von var, og hugder Jlt til ad fara heim aptur i Sulltiñ, Eñ er og sañ þad, þa baud eg hier ad vera þar uñ Vetuxiñ, med Añañ Mañ, og þad boader þu og vardst feigiñ. Eñ uñ Verid epter Þorska, er þu kemst heim til Borgar, sagder þu ad med hesdi fyrer mer

Digitized by Google

30. Klaka-Hross, og hefdi all etid verid. Eigill svarar: Ecki ætla eg ad Ofsogum meige segia fra Vanhelldum hiinum, eñ añadhvort ætla eg ad etiñ være oll eda eingeñ, eñ vita had aller, ad mig og Foolk mitt skorter allrei Mat, Þo ad misiafnt sie Fiosr-Hagur miñ hægur, eñ þau eru ein Kyñe heima, er þu þarft ecki ad taka til Orda. Þad munda eg vilia, segir Hermundur, Ad vid værum ei hardr er oc Pijnge añad Sumar; Nu mun eg þad mæla, segir Eigill, Er eg hugdi eg mundi alldrei tala, ad þu lwk heill Muñi i sundur, Þvi þad var mier spaad, ad eg mundi Elle-daudur verda, eñ mier þyki þvi betur, er syrre-taka Trøll vid hier; Þa mællti Stirmir: Soa segir sañast fra hier Eigill er vest segir, og þig kallar Prettottañ: Nu foor vel ad, segir Eigill, og þvi betur þyki mier sem þu lastar mig meir, og þu fiñur færri Soñur oc þvi, af þvi mier var þad sagt, ad hier hafdud þad fyrer Elteite, ad hier tookud ydur Jafnadar-Meñ, og tookstu mig til Jafnadar-Mañs hier; Nu er vijst segir hañ, Ad þu hefur nockra Stoor-Kløki med hier, sem ei vita adrer Meñ, og mun hier kuluga astur hiñ Hagur, og er þo olijkt med ockur, hvorutveggiu heita ordum Lide, og veite eg þad er eg mæa, og spara ecki af, eñ þu reñur, þegar Svartleggiur koma oc Loyt: Þad er og satt, ad eg oc jafnañ Ohægt i Bwe, og spara eg vid eingañ Mañ Mat, eñ þu ert Mat-sijnkur, og er þad til Marks, ad þu catt Bolla þañ er Mat-Sæll heiter, og kiemur eingeñ sa til Gards er veit hvad i er nema þu eiñ; Nu soomer mier ad Hiw mijn hafe þa hardt, er ei er til, eñ þad soomer verr ad svelta Hiw sijn er ecki skorter til, og hygg þu ad þvi hvor sa er. Mñ þagnar Stirmir, eñ þa stendur upp Poorariñ, Þa mællti Eigill: Peige þu Þóorariñ, og setst þu nidur og legg þu ecke Ord til, Þviad heim Brijxlum mun eg hier bregda, ad hier mun þykia betur þagad, Eñ ecki þyki mier þad adhlæelegt, þo ad þeir Sveinar hlæe ad hier, ad þu sitier mioott, og knwer samañ Lærum hiinum, Poorariñ mællti: Hafa skal heil Rad hvadañ sem þau koma, Hañ setst nidur og þagnar; Þa mællti Þorgeyr: Þad meiga aller sia, ad Giord hesse er Omerkileg og Heimskuleg, ad gisra 13. Aura Silfurs syrer so miked Mæal, eñ eg hugde segir Eigill, Ad hier skilde sw Giord þykia merkileg, og so mun vera ef þu hyggur ad syrer hier, Þvi þad muntu muna a Raungar Leid, ad Kot-Karl eiñ markade 13. Kwlur i Hofdi hier, og tokst þu þar syrer 13. Kamb-Er, og ætladi eg ad þesse Miñing mundi hier þykia allgood, Þorgeyr þagnadi; Eñ þeir Skeggbroddi og Jarnskegge, villdu eingum Ordum skipta vid Eigil. Þa mællti Ofeigur: Nu vil eg qveda ydur Vijsu eina, og hafa þa fleirj ad Miñum Pijng hetta, og Mæla-Lok þesse, er hier eru ordñ.

Flestur mun Ams ok Austra,
Ek vorta þad, Sættar,
Mælma Ruñur uñ mijna,
Mig gialir hañ hælast.

Gat ek Hofdingium Hrijnga,
Hættar Land eñ Sandi,
Æst i Augu kastad,
Or-rijkur Vafid Flijkum:

Eigill svarar: Vel mættu hælast uñ þad, ad eingiñ eiñ Madur mun meira hafa sigit oc Vedur jafnmorgum Hofdingium. Nu eptir hetta ganga Meñ heim til Bwda sijna; Þa mællti Gellir til Eigils: Þad vil eg ad vid sieum bædir samañ, med ockrum Mønum; Þeir gisra nu so, og eru nu Dylgiur miklar, þad er eptir var Pijngsins, og una Banda-Meñ all-illa vid þesse Mæla-Lok: Eñ Fe hetta vill eingiñ hafa, og hrekst þad þar uñ Volluna. Nijda Meñum heim af Pijngi, og sitia uñ kyrt.

Nu sijñast þeir Fedgar, og var Oddur þa albwin til Hafs. Þa sagdi Ofeigur Oddi: Ad hañ hefdi sellt heim Skalfdæmi. Oddur svarar: Skilstu Mañs armastur vid Mæal; Er er eñ sllu stemt Frændi: Jñer hañ nu allañ Mæla-Vext, og segir ad honum sie Kona heitiñ: Þa backar hñ honum Lidveitsluna, og þykir hañ lwngt hafa sølgt uñ, fra þvi er honum kom i Hug ad verda mærri, og segir nu ad hañ skorti allrei Fe, Nu skaltu fara, segir Ofeigur, sem þu hefur ætlad, eñ Brwdkaup þitt skal vera oc Mel, ad lidnum 6. Vikum. Eptir þad skilia þeir Fedgar med Kiærleikum, og lætur Oddi wt, og giefur honum Bir wt, og vordur i Þorgeyrs Fiord, og liggia þar Kaupmeñ fyrer adrer. Nu took af Bir, og liggia þeir nockrar Nætur. Oddi þykir skiut birta, og geingur upp a

Digitized by Google

eitt hatt Fiall, og fier ad añad Vedur-Fall er fyri utañ Land: Fer hañ sidañ aptur til Knararins, og bad þau flytiast wt wr Fyrdenum. Austmeñ spotta þau, og qvadu seint mundi veita ad rooa til Noregs. Oddur segir hvad meige til vita, nema hier bidid vid hiet. Og er þeir koma wt wr Fyrhinum, þa er þegar Bir hagstædur: fella þeir ei Segl fyrre eñ i Orkneyum. Odd: kauper þar Mallt og Korn, og dvelst þar nockra Hrijd, og bijr Skip sitt, Og þegar hañ er bwiñ, þa koma Austañ Vedur, og sigla þeir þau, og giefur heim allvel, og koma a Þorgeyrs Fiord aptur, og voru Kaupmeñ þar þa eñ fyri. Sigler Oddur þa vestur fyri Land, og kemur a Midfiord, hafdi hañ þa i burtu verid 7. Vikur, og er nu bwist vid Veitsluñe: Skortir þar ei good Kaung og noog. Þar kemur og miked Fiolmeñi, Þar kom Gellir og Eigill, og margt añad Stoormeñi, fer Veitslañ vel fram og skoruglega, þoktusi Meñ ei betra Brwdkaup setid hafa hier a Landi. Og er Veitslañ þraut: Voru Mek wtleiddir med Stoorgiofum; Og var mest framlagt er Gellir atti i Hlut. Þa mællti Gellir vid Odd: Þad villda eg ad vid Eigil være vel giordt, þvi hañ er þess maklegur, so þyki mier, segir Oddur, sem Fader min hafi vel vid hañ giordt adur: Bættu þo um, segir Gellir. Nijdur Gellir nu i burt, og hañs Foolk: Eigill rijdur i burt, og leider Oddur hañ a Gestu, og þackar honum Lidveitsluna, og mun eg ei svo gisra vel til þijn sem vera ætti, Eñ reka liet eg i Gtær, sudur til Borgar, 60. Gelldinga, og Yxn 2. Mun þad heima þijn bijda, og skal allrei Forverkum vid þig gisra, medañ vid lifum baader. Nu skilia þeir, og lijkar Eigli stoorvel, og binda þeir sitt Vinfeingi. Fer Eigill heim til Borgar.

Þetta Hausi hid sama, safnar Hermundur Lide, og fer wt til Hvams-Leidar, og ætlar ad breña Eigil iñi: Og er þeir koma wt med Valfelli, þa heyra þeir sem Streingur gialli upp i Fialled, og þvi nærst kieñer Hermundur sier Soottar, og stijngur under Hondena, og verda þeir ad vijkia aptur Ferdiñe, og elnar honum Soottiñi: Og er þeir koma fyri Þaung-Gautsstadi, þa verdur ad hefia hñ af Bake, og er farid eptir Preste i Sijdu-Mwla; Og er hañ kemur, þa mætti Hermundur ei mæla; Og var Presiur þar hia honum. Og ieñ Tijma er þad, ad Presiur lijtur ad honum, Þa lætur i Vorunum a honum: Tvo Hundrud i Gili, 2. Hundrud i Gili. Og sidañ andadest hañ; Og lauk nu so hañs Æfi, sem hier nu segir. Oddur situr nu i Bwe sijnu med mikille Rausn, og uñer vel Konu siñe. Alla þa Stund spurdist ecki til Ospaks. Sa Madur feck Svslu er Mar hiet, og var Hilldison, og riedst til Bws a Svslustadi; Bialsi hiet Brooder hañs, og var halfr Afglapi, eñ ramur ad Afle. Berghoor hiet Madur er bivo i Bodvarshvolum; Hañ hafdi reist Mælid, þa er Ospakur var sekur gisr. So bar til eitt Kvelld i Bodvarshvolum, þa er Meñ sattu vid Ellda, ad þar kom Madur og drap a Dyr, og bad Boonda wtgaanga: Boondi vard þess var, ad Ospakur var kominñ þar, og sagdist ei meiga wtgaanga. Ospakur eggiar hañ misg wt ad gaanga, eñ hañ fer ei þvi helldur wt, og bañar ollum Meñum wt ad gaanga, og skilur so med þeim. Eñ um Morguniñ er Konur koma i Fiovs, þa eru þar særdar 9. Kijr til Bana. Þetta friettist nu vijda, Eñ er fram lijda Stunder, ber so til: Ad Madur geingur iñ a Svslustsdum, og i Hws þad er Mar hvijler i; Þad var sneima um Morguniñ: Sa Madur geingur ad Sængeñe, og leggur til Mars med Saxinu, svo ad þegar gieck a Hol. Þetta var Ospakur. Hañ qvad Vijsu.

Bra ek wr Slijdrum
Skalm nijbrijndri,
Þar lier ek mig
Og Maga hnotad,
Una ek ecki
Arfa Hilldis,
Fagur vapeñar
Fadmlags Svslu.

Og i þvi er hañ snijr til Dyra, hleipur Bialsi upp, og reckr a hañ Tælgu-Knijf. Ospakur geingur til þess Bæar er heiter a Borgarhvoli, og lijser þar Vijginu, og fer sidañ a burt, og spyrsi ei til hañs um Hrijd. Vijg Mars friettist vijda, og mælltist illa fyrer. Þad bar til Nijlinda, ad Stood-Hross þau hinu bersta er Oddur atti 5. samañ, fundust oll daud wti, og ætludu Meñ Ospaki þad Verk. Nu er þad langa Hrijd ad ecki spyrst til Ospaks: Og um Haustid, er Meñ geingu ad

Gielding.

Digitized by Google

Biellding-um, fundu þeir Heller i Hamrum nockrum, og þar i Mañ daudañ, og stood hiia honum Manslang full af Blodi, og var hann svo svart-sem Tiara, þad var Ospaks: Og hugdu Menn ad Sarid mundi hafa grandad honum, þad er Bialfi veitti honum, enda fariſt sijdañ af Biargarleyse: Og lauk svo hañ Æfi. Ecki er þess getid, ad Epter-Mæl yrdi um Vijg Mars, nie um Vijg Ospaks. Oddur bivo a Mel til Elli, og hvotti hiñ mesti Agiætis-Madur, eru Midfirdingar fra honum komner. Snorre Karlsson, og margt anad Stormenne. Jafnañ sijdañ hiellst Vinattta þeirra Fedga, med goodre Frændsemi a medañ þeir lifdu baader.

Og lykur svo Vandamaña-Sogu.

Saga af Þorgrimi Þrvda / og Vigglunde Syne hañs.

I. Cap.

HArallder Haarfagri Son Halldanar Svarta, var þa Einvalldz Konger i Norvege allum, er Saga þesse hoofst: Hañ took ungur Kongdoom. Harallder var allra Maña vitrastur og vel ad Jþrottum bvinn, sem Konglegre Tign byrjade, Kongur hafdi mikla Hird um sig, og vallde fier agiæta Menn, þa sem reyndir voru ad Hardfeingie, og morgum Frægdar-Verkum. Og so sem Kongurin gyrtiſt ad hafa mz sier hid besta Mañval, voru þeir og betur hallder, en nockrer adrer Menn, þvi Kongur sparde vid þa hvorke Fe nie Fuulltinge, ef þeir kunu þess ad giæta. Ei var þett med mijna mooti, ad þad leidſt eingum, sem i mooti gierdu hañs Vallde og Vilia: Sumer urdu Landflæmder, sumir drepnir, Kastade so Kongur Eign sinne a allt þad sem þeir hofdu epterlatid. Marger mikilshattar Menn fijdu þa Norvege, og holldu ei Ofrijke Kongs, þeir sem so voru af stoorum Ættum, og villdu fyrr laata Odal sijn, Frændur og Vine, en ad liggia under Anaudar-Oke Kongs, edur hañs stoorre Prælkan, og leitudu so til ymsra Landa. Um hañs Tijma byggdiſt mest Island, þviad þadañ leitudu margger, þeir sem ei holdu Rijke Haralds Kongs, og foru til Islands og bygdu þar.

II. Cap.

Þorer hiet Jarl, er Rijke aatte ad stijra i Norvege, hañ var agiætur og vel Kvæntur: Hañ hafde fengid agiæta Konu, og Ol vid Konu sinne eina Doottur er Olof hiet: Hun var begar a unga Alldre furdu kurteys, og var allra Kveña frijdust-skapud, þeirra sem þa voru i Norvege. Þvi var leingt Nafn henar, og var kallud Olof Geysle. Jarl liet reisa hene eina Skiemu mikg vandada ad allre Smijde: Skiemmañ var vijda grafiñ og gagnskorin, og Gulle rendt i Skurdina, ecke var hetta Hvs miña prijdt utañ en iñañ: Þessa Skiemu bygde Jarls Dootter og henar Þiosnustu-Meyar. Jarl sender nu epter heim Konum sem hañ visse hagastar, og lætur kiena Doottur sinne allar Kvenlegar Lister, þær sem Burdugum Konum sþomde vel ad kunna. Þad hyrade Jarl, sem hann vaxa fiſt og Rauna, ad so skylde hañs Doottet hera af allum Konum Handirder, sem hun var hvorre þeirra frijdare. Nu leid so fram nockra Tijma. Ein sem hun haf

de Alldur

Digitized by Google

de Alldur og Prosta feingid, þa komu marger ærgiætter Menn ad bidia heñar; Eñ Jarl var miog Kostavandur fyri heñar Hønd. Kom sier eingin ad hañ villde gyptа hana. Vissade hañ heim sier med hæverskiegum Syrum, af þvi hañ visse ad Fader heñar villde ei gyptа hana, eñ eingañ forsmaade hañ med Ordum edur Giørdum. Leid nu so fraṁ laangar Stunder, hafde Jarl allra Mañа Lof ær sier. Nu verdur ad nefna fleire Menn til Søguñar. Kietill hiet Madur, hañ ætte ad raada fyri Rauma Riike, hañ var mikils Hattar Madur, Rikur var hañ ad Audæfum. Ketill var Kongadur; Hiet Kona hañs Ingebiørg: Hun var af dijrum Ættum. Þau ættu tvo Sonu, hiet añar Sigurdur eñ añar Guñlaugur; Þeir ættu Kleiningar Nafn, var Sigurdur kalladur Spake, eñ Guñlaugur Ofsaate. Kietill kiende Sonum sijnum allar Jbrøtter, hær sem Mønnum var þa tyst ad nema, þvi Kietill var hvørium Mañe betur ad sier uñ soddañ Hluti. Þeir hielldu marga Pijonustu-Menn, og gaafu heim ollum Gæfur, rijdo þeir Brædur jafnañ ad skiemta sier med sjnum Sveinum, og skutu Dijr og Fugla, þeir vøru hiner mestu Atgiørfis Menn. Ketill var hiñ mesti Bardaga-Madur, og hiñ mesti Rausnar-Madur, Hañ hæde 24. Hoolmgaungur, og hafde jafnañ Sigur. Vingott var med þeim Harallde Konge og honum. Ketill var og so mikill Fylgis-Madur, ad hañ ætti allrei þvi Manne ad fylgia, ad þañ ikke ecke vid hvørn sem hañ ætti, Þviad þegar hañ tok ad tala, þokte ollum so vera, sem hañ taladi: Var hañ so Mælsnialler, ad allrei var so fiolment ær nockrn Pijnge, ad hañ feingi ecki Hliood, þegar hañ villde tala. Kongur baud Katle til sijn ad hyggia Veitslu; Villde hañ þa giefa honum nockra Nafn-Boot, og qvad honum þad vel sooma, bædi vegna Rijkedæmis, og so añara Hluta Eñ Ketill qvadst þad ei vilia, sagdist heldur þilia vera Fylgis-Boondi, og halda sig þo til jafns vid þa, sem meire Nafnbætur hefde, og so skilldu þeir med Vinsættu. Ketill uñe miked Konu sijne og Sonum, og mætti ecki i mooti laata. Leid nu so fraṁ uñ nockra Tijma.

* * *

III. Cap.

Þad bar til hessu nærst, ad Kongur baud vt Leidangur, þvi hañ ætladi sudur med Lande; Vandade Kongur til þess bæde Skip og Menn. Ketill baud Konge til Fylgdar bæda Sonu sijna, og med þeim mikid Lid. Eñ Ketill var sialfur heima, þvi hañ var hrijgeñ ær Alldur. Og sem Kongur er bvein, sigldi hañ sudur med Landi, Eñ er hañ kom ær Noga-Land, ried þar fyrer sea Jarl er Eyrekur hiet, Hañ var mikill Høfdinge og Vinsæll af Mønnum. Eñ sem Jarl frietti Komu Kongs, liet hañ bwa fagra Veitslu, med þrim betstu Kaungum, sem hañ kuñe til ad fea. Band Jarl Kongi med allri sijni Hyrd: Allra Handa Hliodfæri voru þar; Leiddu þeir Kongeñ med þessum Fognudi iñ i sijna Høll; Setti Jarl hañ so i Høasæti, var þar hin segursta Veitsla. Kongur var hiñ kattasti og aller hañs Menn: Þar var hiñ betste Dryckur, og urdu Menn skioott druckner. Kongur sætti þa Brædur Ketilssyne jafnañ nærre sier, hofdu þeir mikeñ Sooma, med Kongi. Ad þessari Veitslu var Kongur nærsta gladur, bæde vid sijna Menn og Jarl, Þviad Jarl stood jafnañ frame, og bioonadi ad Kongs-Borde Eftirist þa og mikel Glede i Hølline. Skipade Kongur heim Brædrum ad standa frame, eñ setti Jarl i Sæte hiæ sier. Þeir Brædur giordu sem hañ baud, feingu þeir mikla Þock fyri sijna Framesissdu af ollum, og sem Bord voru upptekiñ, lætur Jarl bera fram gooda Gripi, er hañ valde til ad giefa Konge, og ollum hañs Mønnum, gaf hañ nockurn goodañ Grip: Eñ ad Endingu Giafaña, lætur Jarl frambera eina Horpu, hun var miog Glæsileg: Añarhver heñar Streingur var med rauda Gull, eñ añarhver med Hvijta Sylfur, var þetta hid ærgiætasta Hliodfæri: Seinast Kongur þegar i mot Horpuñe og tok til ad slæa, Eñ þesse Harpa bar so mikid Hliod og fagurt, ad aller Menn undrudust, og hoktust ei slijkt heyrt hafa. Þa mælte Jarl til Kongs: Þad villda eg, Herra, ad þier geingud og skiemtud ydur med mier, vil eg sijna ydur Eigur mijnar wte a sie, Akra og Alldingarda. Kongur giørde so sem Jarl baud, gieck til vg sea, og lijst sier vel a. Þeir gaanga ad einum Epl[i] Gard[i]

Digitized by Google

Gardi, har stood eirn fagur Lundur med frisdum Blomstrum, ig fegrum Eptum, rinnder peim Lunde liekr brik Sveinar, peir vorn allet vaner og vel bvner, hø har einn af ollum. Peir satu ad Table og sieku Tveir vid einn, og hø gaatu peir ei vid honum hast. Pa hoottust peir Varhluta fyrer honum verda, og rvotudu um Kyll Tableenu. Pa pycktest sa vid sem betur gieck, og sloo sin Pwstur hvorn peirra: Reiddust nu hvorutveggiu, stucku upp og glijmdu Tveir vid Ein, En pad skylde ei mina Glijmu peirra, en Tablbrogd. Pa bad Jarl pa hætta; Peir gisrdu so, og settust nidur og tesldu. En Kongur og hans Hyrd horfde a Leik Sveinana, og pookte mikid Gaman, og geingu epter pad til Hallareinar: settest Kongr pa under Bord. Pad fanst a honum, ad honum pookte mikels vert um Sveinana. Kongur fridtte Jarl, hvad fyrer Sveina petta vare. Peir eru Syner mijner sagde Jarl, Eiga peir eina Moodur sagde Kongur? Ei er so sagde Jarl: Hvad heita Sveinar pesser, seigir Kongur? Jarl seiget, Sigmundur og Helge, Porgrijmur sa hin Pridie, og er han Fralla borin; Po er Moder hans miklu fremre. En litlu sidar gaanga pesser Sveinar i Hollena, er fyrr sagt peir under Lundenum, gieck Porgrijmur sidarst, fyre pvi, ad so var mikill Munur Metorda peirra, ad han var minst metin. Jarl kallar pa Sveinana, og skipar peim ad gaanga fyre Kong: Peir gisrdu so, og kvoddu han Virdoglega. Pa took Porgrijmur stine Hende um hvorn peirra, og veik peim fra sier, og stie uppa Footbordid, og qvaddi Kongin, veik sier sidan til peirra. En Kongur took til Sveinsins brosande, og sette han nidur hia sier, og friette han ad Moodur-Ett sine. En han qvedst vera Systursonur Poorirs Herfis wr Sogni. Kongur rendi Gull-Hring af Hende sier, og gaf Porgrijmi. Gieck Porgrijmur pa til Brædra sina. En Veitslan stood med Soomia og Virding: Par til Kongur sagdest villde i burtu fara. En Saker Stoormensku peirrar, er pu hefur oss veitt, pa skaltu kiosa Laun af mier. Jarl verdur allgladur vid petta, og bad, ad Kongur villdi taka af sier Son sin Porgrijm, og sagdi sier pætti Fe bætra, Pviad all wm Velgisrd sem hier veitted honum, pa pyki mier pad meir, en hier veittud mier; villda eg helst han fære til ydar, pvi eg an honum mest allra peirra. Jaatadi Kongur pessare Bæn Jarls. Sidan fer Kongur a brott, og Porgrijmur med honum, var han pegar minkastur i allre Pivonustu vid Kong: Ofundudu hin marger af Kongs Mönum.

IV. Cap.

Jnn Tijma bar so til, ad Kongur fvor ad Veitslu, hia einum Hertuga, sem Sigurdur hiet: Pesse Veitsla var miog ongæd ad ollum Tilsaungum. Kongur skipar Porgrijmi ad standa fraine um Dagen, og skenkia sier og sinum Villdarmönum. Pookte Hyrdmönum hans vid Of, hversu miked Kongur lagdi uppa Porgrijm i allre Virdingu og Metorda. Sigurdur atte Frænda er Grijmur hiet, Han var mikill Ofmetnadar-Madur, so honum pookte flest lagt hia sier; Han var ad Dryckiu pessare, og skipadi Hndveigi a Beck hia O-ædra. Porgrijmur hioonadi um Dagen, og skenkti. En sem han bar eitt stoort Adryckju-Ker fyrer Grijm, pa drap han Fæte, so stehptist yfir Klædi Grijms. Grijmur vard vid pad illur, og hliop upp med stoorum Ordum, og qvad pad audsied, ad Pwtuson sa, væri banare ad geyma Svijn, og gefal peim Sod, en ad hioona dugandis Mönum. Porgrijmur reiddist miog Ordum hans, og brae Sæte og lagde i giegnum han, og dro han so daudan undan Bordum. Sigurdi lijkade petta stoor-illa, og bad sijna Men upp standa, og hafa Hendur a Porgrijmi. Kongur mælti pa: Gior ecki so Sigurdur, Pviad Grijmur mælti til O-helgi sier, en eg vil hø bæta Manesfullum Bötum, ef pu villt, og sem mier lijkar, Pvi so mun betst halldast vort Vinfengi. Vard so ad vera sem Kongur villdi; Og gaalt pegar Fed, so Sigurdi lisstade. Leid nu af Veitslan; Vard eigofleira til Tijdenda; Foor so Kongur Heimleidis. Sefundi Kongur til sijn morga Stoormenni, fyrst Povri Jarle og Katle Boonda af Rauma-Riki; vat hin pa ordenn Konulaus; Ingebiorg Kona hans var pa audud, og hafdi farest af Barn-Sæng. Hun fæddi Doottur, og var kollud eptir Moodur sine Ingebiorgu. Sidan bisdur Kongur storum Mwg og Margmenni; Pviad ecki vantadi til pad hafa hirsti. Komu Men a mikvedin Tijma til Veitslunar. Foor

Digitized by Google

Oluf Geysle med Fodur sijnum. Var nu skipad Mønum i Sæti, og boriñ ad seingur Dryckur. Porgrijmur gieck fyri, og fañst Mønum miked til hañs, hversu gyllour og sæmilegur ad hañ være, og Heidarlega klæddur, þviad Kongur lagdi mikla Virding a hañ. Þookti morgum þetta uñ Of, og lægdu þar fyri Obocka a hañ: Morgum var og vel til hañs, vegna sijns Agiætis, og gaafu honum Kieñingar-Nafn, og kolludu hañ Porgrijm þrvda. Eñ sem Porgrijmur sa Olufu, lagdi hañ mikiñ Astar-Þocka til heñar; Og so foor fyrer Olufu a sama Veg, er hun sa hañ: Vissu þo ei þetta adrer Meñ. Eñ þegar hau gaatu seinged sier Toom til, spurdi Porgrijmur hana ad, hversu hun mundi svara, ef hañ bæde heñar, eñ hun qvedst ei Mootmæle hafa munde, ef Fader siñ vildi so. Ad lideñe Veitsluñe, hefur Porgrijmur upp Ord sijn, og bidur Olufar Geysla sier-til Eignar. Took Jarl þvi ecki fiiott, og skilde vid so bwed. Nockru sijdar kom Porgrijmur ad Mæle vid Kong, ad hañ giæfi sier Ordlof ad hitta Þoorir Jarl: Kongur veitti honum þad. Eñ sem Porgrijmur kom til Jarls, var honum þar vel fagnad; Hafde Porgrijmur þa upp Erinde sitt uñ Boonordid, og villdi nu til Stadens vita, hvor Svor Jarl villdi giefa. Eñ Jarl sagdest ei gipta honum Dottur sijna. Var Porgrijmur þar 3. Nætur, og fiell allt vel a med þeim Olufu. Segia þad fleßer Meñ, ad þau hafi þa bundid med Fastmælum sitt Eigin-Ord; Foor Þorgrijmur a Kongs Fund ad Siñe. Sijdañ foor hañ i Hernad. Var hañ þa Fulltijda-Madur ad Alfare: Hañ lea i Hernadi uñ Sumarid, og þookti hiñ kostulegasti Madur i ollum Mañraunum. Astade hñ i þessare Ferd, bæde Fiar og Frama.

V. Cap.

Þad var nu þessu uæst, þa Ketill af Rauma Riske rijdur med 30. Mañna til Þoris Jarls, Þar var fyri ad Veitslu Haraldur Kongur. Ketill hefur upp Ord sijn, og bad Olufar Dottur hañs sier til Handa: Og med Fulltinge Kongs, gypter Þorer Jarl Dottur sijna Katle Boonda. Gaf Oluf þar ei Jaayrde til: Var þad audfundid, ad heñe var ecke uñ þetta Raad. Eñ þegar Kaupid foor fram, qvad Oluf Visu þessa.

Veit eg ad Gullhrijngs Giætir,
Gladur kvedur betur eñ adrir,
Sa man Hlijmur i Heimi,
Hauk Landa mier granda,
Eingi er Hirdir Hrijnga,
So hvijtur ad ek til lijti,
Audrum vañ ek Eida,
Añ ek velbornum Mañi.

Flester hosdu þad fyrer satt, ad hun munde meir uña Porgrijme eñ Katle, eñ so bwid vard þo ad vera. Var nu akvedid, Brwdkaupid skylde vera ad Veturnosttum heima ad Jarls-Garde. Lijdi nu a Sumarid. Uñ Hausstid kom Porgrijmur vr Hernade; Frette hañ þa ad Oluf Geysle var gyptr. Foor hañ þegar a Kongs-Fund, og beidde hañ Lidsiñis til ad naa Konuñe, hvort Porer Jarle edur Katle Boonda Ujkade vel edur illa. Skarst Kongur undañ allri Lidveitslu vid Porgrijm: Sagde Ketil vera siñ goodañ Vin. Raadlegg eg þier seiger Kongur, ad þu komer ei i Kapp vid Ketil, þvi hañ er hiñ mæste Garpur. Vil eg bidia Ingebiargar Dotter hañs þier til Handa, og sættest so heilum Sættum. Porgrijmur qvadst had ei vilia. Vil eg halda sll minu Ord og Einka-Mal vid Olufu. Ætla eg gñadhvort hana ad eiga, edur eingva Konu ella, Og ef þier vilied mig ejge tilstyrkia, þa mun eg ydur ei leingur þioona. Kongur sagde hañ skylde þvi raada. Sijdañ tok Þorgrijmur Ordlof af Konge. Gaf Kongur honum Gull-Hrijng ad Skilnadi, Ervo Mork Foor hañ sijdañ til Maña sijna. Þa voru Priar Nætur til þess ad Brwdkaupid skylde vera. Geingur Porgrijmur einn a Land fra Mønum sijnum: Og þar til er hañ kiemur a Gard Þoorirs Jarls; Þad var i hañ Tijma, er Brwder voru leiddar a Beck, var Tilludud oll Stofañ og alskipad Mønum. Sat Ketill i Ondvege. Var Veitsla hin betsta. Porgrijmur gieck i Stofu a mitt Golfsid og stendur þar. Voru þar so morg Liods i Stofuñe, ad hvergi bar Skugga a. Aller Meñ þeckte Porgrijm, og þar hañ morgum Ofwsa-Gestur. Porgrijmur mælte þa: Hefur þu Ketill fest Olufu? Ketill qvad þad satt vera. Var þad giordt ad heñ

er Vilia

Digitized by Google

ar Vika segir Porgrimur? Eg ætlade sagde Ketill, ad Poorer Jarl munde eiga ad raada fyri Doottur sine, og munde pad Kaup Logfullt er hann gisrde. Porgrimur svarar: Pad seige eg ad vid Oluf hofum pad Eidum bundid, ad hun skyllde eingan Mann eiga nema mig, og seige hun hvort ei er so: Oluf svadst pvi ei mootmæla. Pa pikiunst eg eiga Konuna seiger Porgrimur: Hana skalltu allrei fa seger Ketill: Hef eg deylt Kappe vid hier meire Men, og halldid po minum Hluta fyrer peim. Porgrimur mælte pa: Sia pikiunst eg Ketill, ad pu gisrer petta i Kongs-Trauste. Saker pess bijd eg hier Holmgongu, og eige sa Konuna sem annan vinur. Pess vil eg nivota seger Ketill, ad eg er Mann-fleire en pu. Og er peir hofdu petta mællt, brast so vid, ad slocknudu oll Liosen i Stofune. Var pa Upphlaup mikid og Hrundingar stoorar i Myrkrinu. En er Liosenu vard uppkomid, var horfin i burtu Brudurin og so Porgrimur: Poottyst aller vita, ad hann mundi pessu hafa ollad. Var pad og so, ad Porgrimur hafdi haua an brott tekid, pegar Liosen slocknudu, og bored til Skips. Men hans hofdu vidbvest epter pvi sem hann hafdi fyre sagt, So peir voru albuner pegar til Siglingar. Undu peir an Segl, strax pegar hann kom an Skip med Olufu. Vindur stood af Lande. Pa var Landnæma-Tijme. mestur an Islanda. Pvottist Porgrimur vita, ad hann matte ecke vidhalldast i Norvege, epter Verk sijn: Fijsteſt hann pa til Islands. Lietu peir i Haf, og feingu good an Byr; Komu peir vid Snæfells Nes: Tooku Land i Hrauns-Hofn. Spurde nu Kongur til Ferda Porgrims, So og Ketill og Jarl. Pottesi Ketill nu hafa feinged mikla Sneipu: Mist Konuna, en pootte Oviist hvort hann munde nockuru Tijma pessa hesna meiga. Gisrdi Kongur Porgrijm wtlægan fyre Endelaangt Norvege, af Adgaange Ketils. Og hversum vier hier fraa ad Sine. En vikium Sogune til Porgrijms prwda.

VI. Cap.

Holmkell hiet Madur, hann bioo an Bæ heim sem heiter an Fosse an Snæfells-Nese, vid Holmkels Aa. Hann atte Konu, sw hiet Porbiorg Einarsdoottir fraa Laugarbrecku. vid hene atte hann Tvo Syne. Peir verda ad koma vid Sogunа. Annar hiet Joskull en annar Einar. Holmkell var Sonur Vala. Sonar Brooder Vola, var Ingialldur sem bioo an Ingialldshoole. En Hoskulldur bioo ad Hoskulldsstodum. Are og Geiter ad Geita-Læk. Porgrijmur Prwde leypte Land ad Ingiallde. En Ingialldur foor ad bwa i sdrum Stad, og kiemur hann ei meir vid pessa Sogu. Porgrijmur gisrdest skiostt Hofdinge mikell, og hin meste Vitsku-Madur. Peir gisrdust Viner mikler Porgrijmur og Holmkell ad Fosse. Pad er sagt, ad Porgrijmur gisrde Brwdkaup til Olufar. Og hin fyrsta Vetur er pau voru saman, og biuggu ad Ingialldshoole. Fædde Oluf Sveinn Barn. Sa Sveinn var Vatne Auſin og kalladur Trauste. Vetre sijdar fædde hun annan Svein. Sa var kalladur Vigfundur. Hann var snemma bædi vitur og varn. A pvi hinu sama Sumre fæddi Porbiorg ad Fosse Doottur eina, og var nefnd Ketilrijdur: Pau voru jafngamal Vigfundur og hun, en Trauste Vetre eldri. Pau uru upp i Bygdine. Og var pad allra Manna Mæl, ad hvorke Kona nie Karl fæddist fegra upp, og ad ollu prijdilegre bar i Sveitum, en Vigfundur og Ketilrijdur. Hoolmkell une og misg Ketilrijdi. Pegar Vigfundur var 10. Vetra og Trauste 11. Pa voru einger Men Fullttijda bar i Sveitum so sterkir: Og var Vigfundur peirra sterkari. Og bar eptir fooru peirra fleiri Jprootter, pvi Porgrijmur spardi ecki ad kiena peim allar Jprootter. Porbiorg Mooder Ketilrijdar villdi ei kena Doottur sinni neitt til Menta: Pad hookti Holmkeli illa: Took hann pad Rad, ad hann reid med Doottur sijna til Ingialldshools. Fagnadi Porgrijmur honum vel, pvi Vinattа var mikil med peim Bædunum. Leitadi Holmkell peangad Vistar Doottur sinne, til Olufar, ad hun kiendi hene Handyrdir, pvi Oluf var betst Kvena uin Handyrdir an Islandi. Oluf took glablega vid henni, og lagdi vid hana Asi-Fostur. Pa atti Oluf unga Dootter er Helga hiet, hun var Tveim Vetrum yngre en Ketilrijdur, og lagdu pær baedar samann Gledi, vid pessa ungu Men. En ad hverri Gledi sem bar var, pa blotnadist so til, ad pau urdu sier, Vigfundur og Ketilrijdur. Toludu pad marg-

Digitized by Google

er Men, ad heim þækti Jafnrædi, fyri flestra Hluta Sakir. Það var og jafnan, hvar sem þau vóru ad Gledi, ad hoerke gaade ánars, en horfa uppá annad. Taladi Vigglundr: það eirn Tima, ad hann villdi, ad þau kyndi sína Ást, hvert vid annad: En Ketilridur gaf sier fœtt um það; Eru þar marger Hluter á mooti, segir hun: Það fyrst ad þo hier meigi þetta nu i Hug vera, verdi þad jaungum hverf-lyndir (Karlmennerner) um slíka Hluti. Það er og Annad: Ad mier soomer ecki vel það ad gisra, ad fylgia ecki Raadum Fodur mins. Það hid Pridia: Ad eg mun ecki hœlfraad, ad gisra mín Vilia i þessu, og veit eg þar stendur mest á mooti Moodur mijn, því hun hefur litla Ást á mier: En eingan veit eg hann, ad eg villdi heldur eiga, en big, ef eg riedi: En hitt segit mier Hugr, ad þar muni stoorer Meinbuger á liggia, hversu sem ad Lyktum geingur. Opt kom Vigglundr ad Tale vid Ketilridi um þetta: En hun svarar jafnan hinu sama. En þo segia Men, ad það hafi med þeim framkvæmst, ad þau hafi sitt Eigen-Ord, med Eidum bunded sijn á millum.

VII. Cap.

Nu er þar til ad taka; Ad þeir Brædur, Joskull og Einar, gierdust Ospakser, i Heradinu: Geingu þeir i Fvotspor Moodur sinar, um slíka Hlute. En Hoolmkele var þetta misg leidt, og gat þo eige ad því gisrdt; Urdu þeir Obinsæler misg, af sijnu Framferde. Peir Brædur attu eirn Hest, graann ad Lit, hann var misg olmur, og illur Vidureignar. Hvorium Heste rende hann sem vid hann vatte. Hann hafde Vig-Tenur so stoorar, ad þær voru einkis Hest-Tonum liskar. Vigglundur vatte og Hest gradan, Fijfil-bleikan ad Lit, allra Hesta segurstan; Hann hafde miklar Mætur á Hestinum. Porgrimur vatte Yrn Tvs, Brandskiolldott ad Lit; Beins-Litur var á Hornunum. Honum þookte Yrnin vœn. Það var einn Disma ad Einar kom ad Mæle vid Moodur sijna og sagde: Illa like mier það, ad Porgrimur hefur so mikil Metord hier i Heradenu, ætla eg ad freista, ad komast ad Mune vid Olufu Konu hans. Munde þa annadhvort, ad mijnkade Metnadur hans, edur hann munde leita vid ad hefna. Og er þo Ovist, ad hann bere hœrra Hlut en vœr. Hun qvad þetta gott Raad, og misg epter sijnu Skapi. Einn Tijma er Porgrimur var heiman ridinn, ad Erindum sinum reid Einar til Ingiallds-hools, og Joskull med honum. Oluf hafde bedid, eina Heima-Konu sijna, ad lœsa Kalldyr hvern Morgun, þegar Hws-Karlar fœre til Verks; Og so gisrde hun þeirra Morgun. Komu Fossveriar heim ad Bœnum. Verdur Heima-Kona vor vid þetta. Geingur hun til Svefn-Herbergis Olufar, og seiger hœne ad þeir Brædur fraa Fosse sien þar komner. Stendur hun þa skiott upp, og klædist. Geingur hun til Saum-Stofu sinar, og setur þar Grid-Konuna nidur á Palliñ, og leggur yfer hana Mottul sin, og mælte: Bregdst þu ecke okuñug vid, þo Einar ætle þig mig, en eg mun so til sia, ad þu fœer eingva Bligd af honum. Adra Konu sende hun til Dyraña, því rige var Karla heima. Einar spurde hvar Olof være: Hun sagde hana vera i Sauma-Stofu sine. Einar vijkur þangad, og þeir Brædur badder. En er þeir komu i Stofuna, sœu þeir ad Hwsfreia sat á Palle. Settust þeir nidur hia hœne, og tekur Einar Tal vid hana. I því kom Madur i Stofuna blaaklæddur, og hiellt á brugdnu Sœre allbiturlegu. Maduriñ var misg Reiduglegur, en eige forstoor Vexte. Peir spurdu hann ad Nafni: Hann qvadst heita Ottar. Ecki þecktu þeir þeñan Mann, þo stood heim Otte af honum. Hann took til Orda: Ut er ad gaanga, og sagna Porgrimi Boonda, því hann rijdur hier. Peir spretta upp vid þetta, og gaanga ut, og sia hvar Boondi rijdur, vid mikin Flock Manna. Stijga þeir þegar á Bak, og hleipa i burt og heim. En þad var Raunar Bw-Smale heimrekin, er þeir meintu Boonda vera. En hin Blaaklæddi Madur var Olof. En er Fossveriar spurdu þetta: Pooktust þeir hafa feingid mikla Sueypu. Vex nu af þessu mikill Opvcki peirra i milli. En er Porgrimur kom heim: Sagdi Hws-Freya honum allt hverniñ farid hafde. Porgrimur mælti: Ecki skulum vid ockur ad þessu giesa, Saker Hoolmkels Vinar minns, med því Einar kom ecki sijnum Vilia fram. Það var einn Dag, ad þeir Joskull og Einar ridu til Ingiallds-hools. Þa voru aller Fedgar heima og voti stadder. Joskull spurde

Vigglund,

Digitized by Google

Vijglund, hvert hañ villdi gieſa heim Brædrum Heſtiñ bleika? Vijglundur ſagdiſt þad eigi vilia. Iokull qvad Formañlega vid orded. Vijglundur qvad eigi ad þvi ſarid. Þa muntu etia vilia Heſtenum vid Heſt ockar Brædra, ſegir Iokull: Þad þyki mier meiga, ſegir Vijglundur. Þa þyki mier betra eñ geſiñ, ſegir Iokull: Þad fer ſem m.a, ſegir Vijglundr; Qveda þeir a, nær Heſta Ated ſkal vera. Riſda þeir ſo heim. Eñ ſem ſw Stund kiemur, ad Heſtunum ſkal etia: þa var framleiddur Heſtur þeirra Brædra, og lætur Ogurlega. Peir þvaſt og til ad folgia Heſtinum. Þar kemur og framñ Bleikur, þeirra Brædra. Eñ ſem hañ kiemur t Hrijngeñ, þa ſnijſt hañ i Krijnglu, allt þar til ad hañ hoſ upp bæda Fætur þina eptri, og ſetti þa framñ a Snoppu Brwns, ſo wr hnum hrucku allar Vijg-Teñurnar. Sijdañ lagdi hañ ad Teñurnar, aptur vid Huppiñ, og reif þar a Hol. Datt Brwñ þa þaudur nidur. Eñ er Foſſveriar ſia þad, hlaupa þeir til Vopna, og ſo hverutveggiu, og gieta þeir Hoolmkell og Porgrijmur valla ſkilid þa. Var þa falliñ Madur af Vijglunde, eñ Tveir af Iokle. Skildu þeir nu vid ſo bwid. Hiellſt Vinatta med þeim Porgrijmi og Hoolmkeli ſem adur. Spurdi Hoolmkell, ad þvatt var med þeim Vijglundi og Ketilrijdi: Meinadi hañ þad i eingañ Mata. Eñ Porbiorgu Konu hañs þoſkti þad hid verſta. Lijda nu framñ Stwnder. Er þad allra Maña Mal, ad einger Meñ þoſtu Mañvænlegri, eñ þau Vijglundr og Ketilrijdur; a allu Islandi, þeim Samtijda, Sæker Lyſta og Kurteyſi, ſem þau hafdu.

VIII. Cap.

Eñ Tijma var þad; Ad þeir Brædur Iokull og Einar, foru heiman fra Foſſe niñ Nordt, þviad hun var biort og fogur. Peir komu framñ i þañ Afriett, ſem voru Hroſſeñ þeirra Fedga. Þar var Bleikur Vijglundar. Peir komu til Hroſſaña, og villdu reka til Bygda. Eñ þad tooſt þeim med eingu Mooti, þvi Heſturiñ varde þeim þad, ſo þeir gatu hvergi rekid Hroſſeñ. Eñ þeir ætludu ad reka þau i Laugfiord. Og ſem þeir gatu þad ei giort: Urdu þeir harla reider, og ſooktu þa ad Heſtinum med Vopnum, og villdu drepa hañ. Eñ Heſturiñ vardiſt med Toñunum, og Hofdenu, ſo ramlega, ad þad var leinge Nætur, ad þeir gatu ei neitt adgiordt. Þad vard uñ ſijder, ad þeir komu a hañ Spioota-Legum, og draipu hañ. Eñ ſem þad var giordt, nentu þeir ecki ad reka Stooded i burtu: Þad þoſkte þeim, ſem þa mundi viſſt verda, ad heim mundi þad ætlad, ad þeir hefdi hañ dreped, ef þeir giordi þetta. Eñ þeir villdu leyna, og droogu þeir þa Heſtiñ, ofañ fyri eirn Klett, ſo þad ſkylldi lijklegt þykia, ad hañ hefdi þar ofañ fyri dotted, og broted ſig ſo a Hals. Foru þeir heim ſijdañ, og lietu ſem ecki hefdi neitt i giorſt. Nockru ſijdar, foru þeir Iokull og Einar i þa Afriett, er Porgrijmur atti, og Gielldneyti hañs voru i. Þar voru Fimtijger Nauta i Flocki, er Porgrijmur atti. Þar þecktu þeir Brand-Kroſſana hina goodu. Sijdañ tooku þeir þa bæda, og logdu Taug vid, og leiddu þa bæda heim til Foſs, og drapu, og giordu til ſijdañ: Feſtu ſo Slætred upp i Ute-Bwr. Petta var uñ Nordt. Hofdu þeir lofed þeſſu Starfi, adur heima-Meñ ſtoodu upp. Allt viſſe Mooder þeirra þetta med þeim. Nu er ad ſegia fra þvi, ad Vijglundur og Tranſte, gaungu eiñ Dag til Hroſſa ſiña. Eñ ſem þeir koma til Hroſſaña, ſakna þeir Heſtſins, og leita uñ Daliñ allañ: Finna hañ uñ ſijder, under einum Hamre daudañ. Peir ſiña þa a hnuum morg Sær og ſtoor, og þad hañ hafdi verid lagdur a Hol. Þooktiſt Vijglundur þad vita, ad þetta mundu Foſs-Veriar giordt hafa: Geingu þeir Brædur þa heim til Ingialldshools, og ſogdu Fodur ſijnum, ad Heſtur þeirra væri daudur, og þeir Brædr Iokull og Einar, mundu þetta giordt hafa. Porgrijmur bad þa laata vera kyrt uñ þetta, og ſagdi, þeir hefdi adur miſt ſins Heſts. Mun ydur noog añad tilfalla, ef ſo fer ſem mig varer, þookt þetta lijde undañ. Lietu þeir vera kyrt ad Siñe. Ei laungu ſijdar, var ſagdt Porgrijmi, ad i burtu væri horfner Uxar hañs hiner Goodu, er hañ hafdi meſtar Mætur a; Og þad þar med, ad Meñ hugdu af Maña-Volldum ſked hafa. Porgrijmur Vondi mællti: Ad ei være orvænt, ad Pivofar læge wti a Heidum, þeir ed ſlijku ylle: Gaf ſier ſaakt uñ þetta, og liet ecki leita þeirra. Þookti Moñum hañ fyri miklum Skada ordin hafa. Og er þetta lagt i miklar

Digitized by Google

Uñrædur. Porbiorg ad Fosse, hafdi had mieg i Læmingi, er hun liet neyta Slæaturs þessa. Eñ sem Hoolmkell vard þessa vijs, ad þar mundu nidurkomner Urar Porgrijms, hiner Goodu: Tekur hañ eittsiñ Hest siñ, og rijdur til Ingiallds-Hools, og siñur Porgrijm Boonda, segir hañ honum ad hañ ætlar þar nidurkomna Ura hañs hing Goodu, hiæa sier: Og mundu Syner hañs þvi vallda. Vil eg segir hañ, giallda hier Verd fyri þa, svo mikid sem þu villt hafa sialfur: Eñ þu sæker ecki Syne mijna Log-Soknum. Porgrijmur sagdi, So vera skylldi. Took hañ þa so mikla Peninga, fyri Urana, sem hañ villdi, og heim bædum vel lijkadi. Skildu þeir Porgrijmur Prwdi og Hoolmkell, med Vinæattu mikillre.

IX. Cap.

KJalvor hiet Kona, er bioo i Hraun-Skarde. Hun var Fiskuñig og harla Ovinsæl vid Alþijdu; Vingott þar med heim Porbiorgu ad Fosse. Peir Brædur Jokull og Einar, keyptu ad Kialvoru, ad hun skylldi fyri koma heim Vijglundi og Trausta, med einhverju Fiskfangi, eptir þvi sem hun sæe best Ræd til, ad heim mætti hrijsa. Þvi heim liek hin mesta Ofund æa heim Brædrum, Porgrijmssonum. Hvad mest var af þvi, þeir vissu hver Ast var med heim Vijglundi og Ketilridi, þvi þeir og Moodu þeirra, forumunudu heim ad nivotast, sem sijdar bar Raun æa. Eñ þau untust þvi heitara, med Leynilegre Ast, og Hiartfoolgiñe Elsku, sem i þeirra Brioosti var, ad sudverdu upprvaxandi. Og urdu Ræstur Astareñar, og Vextur Kiærleikans og Elskuñar, allrei upprættur ver þeirra Hiartum, þookt þad villdu nockrer meina, og stærri Skordur vid reysa, sem voru þeirra Vandameñ. Þvi þau untust so fast, alla Æfi medañ þau lifdu, ad glodandi Gyrndar-Logi var i þeirra Hiartum, ad hverke mætti af sdru sian, þadañ fra þau fundust i fyrstu, og so fram eptir allri þeirra Æfi, ef þau skylde eptir þvi hafa gisrt, sem Huger þeirra stoodu til. Madur hiet Biorn; Hañ var kalladur Baaru Biorn. Hañ var heima-Madur Porgrijms: Eñ þvi var hañ kalladur Baaru-Biorn, ad honum þookti allrei Ofært æa Gijo ad fara, qvadst hañ ecki hyrda um Glettingar Baaru. Porgrijmur hafdi hañ fyri Skipum sijnum. Þa var Fiskigæangur mikill æa Resinu. Allrei rere hañ meir eñ vid Pridia Mañ, og hafdi þo stoorañ Thæring. Þad bar til um Hausstid, ad Lids-Meñ Biorns sijkust hæder af Gulldrum Kialvarar: Þa voru Hwskarlar Porgrijms ad Heyverkum. Biorn villdi rooa til Fiska, og bad þæa Brædur Vijglund og Trausta, ad rooa med sier um Dagiñ, þviad Meñ hañs voru ei til þess færer: Peir gisrdu so, þviad Vingott var med heim. Allt visse Kialvor af þessu. Foor hun þa uppæa Hws sijn, og veifadi Kofra sijnum i Austurætt. Þa þyknadi skiott Vedrid; Eñ sem þeir Brædur komu æa Midred, var nyogur Fiskur under. Þa sæau þeir ad droo upp Flooka vid Austur, og Landnordur, og þyknadi skiott Vedrid. Þa mællti Vijglundur: Þad þyki mier Ræd, ad vid holldum ad Landi, þvi mier lijtst illsætt Vedur þetta. Biorn svarar: Ei munum vid þad fyrr gisra, eñ Skip vort er hladid. Þu munt ræda, segir Vijglundur. Peñañ Flooka dros skiott yfir, og fylgdi med bæde Fiwk og Vindur: Og so mikil Sioo-Illska, ad Siovariñ var hvergi heill, og rauk sem Mioll. Biorn qvadst vilia ad Landi. Vijglundur qvad betur fyrr; Eñ þo skal nu ecki af-telia. Sijdañ fara þeir ad rooa. Biorn og Trauste eru under Arum, eñ Vijglundur stijrer: Geingur nu hvorgi æfram. Rak þa i Utsuduns-Att til Hafs: Took þa ad fylla undir þeim skiott. Bidur Vijglundur Biorn ausa, eñ Trausta stijra, eñ hañ setst nidur og tekur til ad rooa, og rær so sterklega, ad hañ nær Lande vid Ostgurdæa. Porkell Nefia, er vrkom med Bærdi Snæfells-Ás, og þa var misg gamall, var þar fyri; Hañ took vel vid heim, og ægisrdi þeim goodañ Beina. Eñ sem Ketilridur frietti, ad þæa hafdi undañrekid, sie æa hana Omeigiñ. Eñ sem hun rakna-de vid, þa qvad hun Vijsu þessa.

Allrei mat ek æa Ægeñ,
O græatandi lijta,
Sijdañ Maal-Viner mijner,
Fyri Marbacka sucku.
Leidur er mier Siæar-Sorti,
Ok sugandi Bæra,

Helldur

Digitized by Google

Helldur giordi mier hardañ,
Harm i Vinar Farmi.

Foru þeir Brædur heim añars Dags eptir þad. Vard þa mikill Fagnadar Fundur, med þeim Vijglunde og Ketilrijdi.

X. Cap.

nu fiña Øssur hvorneꝛ sín geingur, eñ hiꝛ Þorhalle skallt ecki vera ad þessum Fundi, þvi eg vil ei ad þu fiert i slijkri Mañhætta. Þorhalli bad hañ ꝛæda, eñ ho munu þad mæla Øviner mijner, ad eg skilie illa vid þig, so goodur Dreingur sem þu ert, i þvi, ad eg fer fꝛa þier er þu þarft Lids vid. Þordur bad Eyvind heim rijda til sijn, eñ hñ sagde: Illa skil eg þa vid goodañ Dreing, er eg fer fꝛa þier, er þu þarft mest Lids vid, og skal þad allꝛet ske, ad mig hendi slijk Skom. Sijdañ rijda þeir þar til ad þeir sia Fyrersteed Øssurs: Þa mællti Þordur: Vid skulum snwa hier uppa Breckuña, þvi her er Vijge gott, og so gisra þeir, og brioota þeir fier upp Grivot til Varnar. Nu sier Øssur Þord þar komiñ, hañ hleipur hegar upp til hañs: Þordur spyr hvor þar fare so Ofridlega? Øssur nefnde sig sa Nafn, og segir: Ertu Þordur Hꝛeda sa o Holmiñ komiñ? Sa er Madurin sagdi Þordur, og er þad betst Rꝛed fyri þig ad hefna Orms Fꝛænda þijns, ef nockur er Dꝛad med þier, þvi noogur er Lids-Munur ockar i mille, ef ei bilar Arædid. Øssur bad sig, sa Meñ ad sækia ad Þorde. Tookst þar hardur Bardage, Þordur vard skiott Mañz-Bani, bꝛaru þeir Grivot sa Meñ Øssurs, en Þu sier med Skiolldunum, letust þar [illegible] Meñ Øssurs, medañ Grivotid vanst. Sijdañ hliop Þordur ofañ af Breckuñe, tvo? þa Mañ-Fallid ad vaxa. Sa Madur hivo til Þordar er Örn het, og sookte ad honum framañ. Hafbor hiet Madur Fꝛænde Øssurs, hañ kom ad i þessu, og lagdi i Lær sa Þorde, og villde so fꝛa reña. Eñ sem Þordur feck Saarid, hivo hañ til hañs añare Hende med Sverdenu, og kom sa hañ midiañ so took i sundur. Hañ hivo añad til Hafbors, þad Hogg kom sa Hendena vid Øxlena, og klauf hana nidur fꝛa Sijduñe, og fell hañ so daudur. Nu befur Þordur drepid Þrja Meñ, þetta sier Øssur, og bad sijna Meñ betur ad sækia: Hañ sæker so ad Þorde, og Sex Meñ adrer, eñ so lykur þessum Funde, ad Þordur drap Sex af honum, eñ særde hañ sialfañ, misg, so hañ fiell Øvijgur. Letust þar Niju Meñ af Øssure, en Fiñ af Þorde: Þa geck Þordur ad Øssur, og kypte honum ur Biooderni, og skaut yfer hañ Skylde, so Vargar rife hañ ecki, þui hañ matte fier einga Hiaalp veita: Undañ flydu eptir Meñ Øssurs, eñ ei voru Meñ Þordar fœrer eptir ad reña, þvi allir fyor Øssar af Fundi þessum. Þordur baud Øssure Lækning og Grædslu, eñ Øssur svarar: Ecki þarftu ad biooda mier Lækning, þvi jafnskiott sem eg er fær til, skal eg drepa þig: Þordur qvadst ecki hyrda uñ þad, og sende Þorhalle yfer til Ass til Þorarins, ad hañ sæke Øssur og grædi hañ: Þorhalle giordi so, og flutti hañ heim, lan hañ leinge i Saaruu, og vard heill uñ sijder. Dysiar voru giorvar ad Lijkum heirra Maña sem fallid hofdu, eñ eptir þeñañ Fund, fyor Þordur heim til Þorhalla, og hafdi feingid mꝛg Saar, eñ eingin Banvœnlig. Eñ sem hañ kom heim, spyr Oluf af Funduum, hvorniñ ad farid hefdi. Eñ hañ qvad Vijsu.

Fellu i Fleinaskollu
Fimtan Lijdir Maña,
Lenda Lefnirs Grundar,
Lungs bœru eñ Sex saarir,
Þar vo ek Sex, eñ særda
Sigurhoggva þar Digur,
Øssur het sa Iti,
Elldkards Þundur Sanda,

Þetta eru mikil Tijdindi, seger hun: Lijdur nu Veturiñ, so ecki bar til Tijdinda.

Uñ Vorid rijdur Þordur upp i Herabed, þvi Boondi nockur hafdi sendt honum Ord er Þorgrijmur het, ad smijda Skaala, hañ bivo i Flatatwngu, þad er framarlega i Skagafyrdi. Þordur er ad Skaala-Smijdenu uñ Sumarid; Og er misg var algisrdur Skaaleñ, kom Skip af Hafi ad Saasum i Eyafyrdi. Þordur segir vid Boonda, ad hañ vilie rijda til Skips, og kaupa þar Vide til Skaalans, þa er honum þœtte mest uñ varda; Boondi bad hañ ꝛæda, og fær honum 4. Meñ, sem voru Hwskarlar hañs, ad flytia heim Videna: Sijdañ fara þeir Nordur, og eru i Kaup-Stefnu þa Stund sem þeim lijkar, og þeir þurfa, og bœru Viduna sa morgum Hestum; Þordur rijdur jafnsnamt heim, og befur Alvœpne: Hañ rijdur uñ Horgaardals-Heidi, og ofañepter Nordur-Ardal, og so yfir Aa, fyri framañ Eigils-Aa, ofañepter Eyrunum, þa sia þeir 12. Meñ spretta upp fyri fier med Vopnum: Og er þar komiñ Øssur sa Grund. Þordur hle-

Digitized by Google

ypur þa strax af Baki, og setur fyri sig Skiolldenn: Forunautar hans hlaupa þa af Baki, og verda vel vid: Þordur bad þau ei ad hafa sig i Mannhættu, enn þeir hardn þann allrei þrijfast er hiaa stædi, enn honum lægi aa Lidi. Þordur mælti vid Ossur: Ei ertu hvorsinn wr Fyrisdalnum vid mig, enn mier hætti hier meiga vera Miinisstædur ockar Fundi nærst þa vid skildum, og muntu nu ei betur sara. Ossur mælti: Þad sagda eg hier, ad eg skyldi hier allrei trwr, ef eg væri lifandi, og skal eg enda þad. Stydann sæker hann ad Þordi med Mannum sinum, og segist skuli niosta Lidsmunar. Þordur segir: Ei er eg enn uppgefinn, og þyker mier ecki visst, hvad hier munud aa vinna þo eg væri Einn, enn þess heilsu sijdur, er þesser Menn fylgia mier. Þa rann Þordur fram ad þeim, og lagdi Spiooti framann ad þeim Manni sem fremstur geck, og feck hann Bana. Þordur mælti: Fell þar einn, og er ei Oviist fyri odrum. Sæker nu Ossur ad Þordi i Akasa, enn Forunautar þeirra mætast Fiooror og Fiooror, og fellu hverier fyri sdrum: Enn Þordur drepur 4. Menn af Ossur, en særdi hann morgum Særum. Fra þvi er nu ad segia, ad Sauda-Madur Þorgrijms sier til þeirra Fundar af Hoolum nockurum: Hann þookt est strax vita, hverier vera mundi, og grunar ad Þordur muni Lids þursa, og Manna-Styrks: Þvi hleypur hann heim til Flatatwngu, og sagdi Bonda enn Fund þeirra, og bad hann veita Þordi Lid og vikis hanns. Boondi bregdur skiott vid, og rijdur uppa Eirarnar vid 11ta Mann: Og strax sem Ossur sier til Mannana, skundar hann til Hests sijns, og kemst aa Bak med illann Leik, og rijdur undan sem mest hann mætti; Og sem hann kemur heim til Grundar, situr hann þa enn kyrr, og under illa vid Ferd sijna; Hann liet 9. Menn sijna aa þessum Fundi, en sialfur var hann misg sar. Enn þeir Menn sem letust af Þordi, voru dyiader þar i Hoolunum: Þorgrijmur Boondi spurdi ad Tijdindum, Þordur sagdi honum hid sanna, og qvad Vijsu þessa.

Þoolf villdu mier Molldar
Meidendur Bana Leiþar,
Veita Vafþar-Brauta,
Vann ek heim Skapa sannan.
Synda ek Sex med Skunda

Sækendur Vopna-Lækiar Egis ad Itre-Hollu Odens med Bryn-Glooda.

Þeir ridu nu heim, og lauk Þordur vid Skaala Smijded i Flatatwngu, og var þad Furdu vænt Hws, og stood þar til, ad Eigill Biskup var aa Hoolum.

XII. Cap.

Þordur reid nu i burt wr Flata-Twngu, og fylger Þorgrijmur honum med 10. Mann, og rijda ofanepter Skagafyrdi: Og sem Ossur aa Grund sier til Ferda þeirra, þookt ist hann ecki hafa Manna-Styrk ad rijda i mooti honum: Þordur rijdur nu Leid sijna wt til Miklabæar i Oslandshlijd, tekur Þorhalli vel vid honum, enn Hwsfreya mikly betur. Þorgrijmur reid heim aptur, og skilia þeir Þordur og Þorgrijmur gooder Viner: Verdur Þordur vijdfrægur um Landed. Þetta spyr Midfiardar Skeggi, og lætur sem hann ei viti, hvad fram fer unn Ossur Frænda sinn og Þord, þvi situr hann um kyrrt fram til Jola. Þad var einn Tijma, ad Þordi villdi sian Hestinn Svidgrijm, hann stood med 4. Hestum i Svidgrijms-Hoolum. Þorhalli bad hann bijda sijn, og sara 3. Mottum sijdar, þvi eg færi þa Hey mitt wr Stack-Gørdum. Þordur bad hann roada; Enn ecki kemur mier Ovart, þvott vid eigum Mannum ad mæta: Þorhalli bad hann eigi þar um hugsa, qvad þau eigi uppgefna þo so væri. Þordur brosti ad Ordum hans og mælti: So mun vera, ef þu stendur aa adra Hlid mier. Enn Hwsfreya mælti: Prijsist allrei þitt Hial, þotti mier sem honum yrdi lijtid Lid ad hier, aa heim Fundi sem þu varst, og er sa Kona illa gyptr þig aa, þvi þu ert sialfhælen og Huglaus. Þordur segir: Ecki er þetta so ad skilia, þvi Þorhalli er eingenn Uhlaupa-Madur, enn er þo forsiall, og mun vera hiin diarfasti ef reyna skal. Þorhalli segir: Ecki þarftu ad lasta so, Hwsfreya mijn er so Hardord ad veria þig, ecki skal eg aa Hæl hopa fyri einhverium, ef eg a vel verdveri. Svei, segir hun: Allrei muntu vel reynast, og sleit so þeirra Tal i þad Sinn. Vid þetta þeirra Samtal var einn Unnrechingur, hann lastar Footurn under sig, og kemur til Grun dar um Kvolded. Ossur spyr hann ad Tijdind um

Digitized by Google

um, edur hvadañ hañ væri adkomin? Hañ sagdi eingen Tijdindi kalla þó segia. Eñ a Miklabæ var eg i Rostt. Ossur spyr, hvad hafdest Kappen Þordur ad? Sveinnen sagdi: Visst mættu hañ Kappa kalla, sa Sneipilega sem hann hefur fyri honum fared, en ei sa eg hañ añad giora, nema hañ hnodadi Hogg-Rod a Sverdi sinu; en bad heyrda eg Þorhalla mæla, ad þeir mundu fara Hey ur Stack-Gordum iñan Pridia Dags. Ossur spurdi, Hversu marger Men munu fara med honum? Pillturen segir, ecki eru þeir fleiri en 3. alls: Þordur, Þorhalli, og Eyvindur. Ossur mælti: Þu segir vel; Sidañ qvaddi hañ til Ferdar med sier 12. Men, og rijdur vt i Oslandshlijd; Þañ sama Morgun rydu þeir aller fra Miklabæ, Þordur bad Eyvind ad hafa Alvæpne, og qvad heim ecki ofauked, hann giordi so. Sidañ ridu þeir i Svidgrijms-Hoola: Þordur mælti vid Þorhalla: Þad vil eg, ad þu fiert hier epter, en vid Eyvindur skulum leita Hrossana: Þorhalli bad hañ raada. Þeir geingu upp i Hlijdena, þar var Snioor og hard-Fenni miked. En bad er ad segia fra Ossur, ad hañ kemur ad Gardenum, og þeir 12. samañ, og slær Hrijng um Þorhalla, og brugdu Vopnum sinum, bædu hañ ad segia til Þordar, en hañ vard so hræddur, ad hañ kreisti sig under Veggin. Segir heim so, ad Þordur hafi geinged med añañ Mañ upp i Hlijdena. Ossur mælti: Illt er ad eiga Præl fyrir einka Viu, og lyste hañ eitt Arar hogg i Hofuded, so hañ lae leingi i Svijma. Sidañ foru þeir upp i Hlijdena: En sem Þordur sier þa, mælti hañ vid Eyvind: Men fara þar nedañ epter Hlijdene, og kenn eg þa gisrla, þvi þar er komin Ossur, og vill sina mig; Nu skulum vid komast a Skooga-Hamar, (*) Og sidañ i Svidgrijms-Hoola, þar er Vijgi gott. Eyvindur segir: Vel meigum vid a Hamaren komast. Og sem þeir komu þar, geingur Þordur a framañverdañ Hamarin, og var þar Skafl, lagdur nidur af Hamarnum eckaflega Þrattur, var þad hin mesta Mañhatta ofañ ad fara, sidañ settu þeir Spiooten a milljum Foota ser, og ridu so ofañ a Jofur, af Hamrenum, komu sidañ i Svidgrijms-Hoola: Ossur bar þar skjoott epter. Þordur mælti: Miked er hier i Hug ad naa Lijfi minu, og sæmd þad illa, ef þu hlyter þig ei sialfan fyrir, og ecki skulum vid baader af þessum Fundi heiler fara. Ossur qvedst þad og ætlad hafa, ad Þordur skylldi ei fleiri Ar yfir Hofud draga. Sidañ sookttu þeir ad Þordi: En þeir Þordur og Eyvindur skutu Skyldum fyri sig i Þordur skaut Spiooti ad Ossur, og i þvi hliop einn hañs Madur fram fyri hañ, og flaug Spiooted i gegnum hañ. Einn Madur hiop til Þordar, en hañ brae vid Skyldenum, og kom þar i Hogged, og vard hañ ecki sar; Þordur hiop til hañs, og veitti honum Bana, og so hiop hañ til añars, og kom a Hælsin, og nam Stodar i Briostenu: Hinn Pridia lagdi hañ i giegn med Sverdi, Eyvindur dro hinn Fiorda. Sookttu Ossur nu ad i Akasa, fellu þar enn 2. Men Ossurar: Bar-ust þa Sar a Eyvind, og mædi hañ Bloodrasa, og so settist hañ nidur, og var miog moodur. Sookttu þeir þa 6. ad Þordi, en hañ vardest so vel, ad þeir komu eingu Sari a hañ. Þa mælti Þordur til Ossurar: Illa sækest ydur nu 6. samañ, og er ei vel, en þykiast vera Formadur þessara Mña, og hafa þa fyri Skotsæri i Dag: Er þeir Rad ad gaanga nær, og hefna Orms Fraenda hijns, og so allrar þeirrar Svijvirdingar sem þu hefur af mier feinged. Þa vard Ossur miog reidur vid þesse Frijnnar Ord, og hlevpur ad Þordi, og hoggur til hañs med baadum Hendum, og kom þad i Skiollden, og rendi mikid nidur af honum, og i þvi Bili hiop Þordur til hañs, og kom under Hendena hina vinstre, og rendi nidur med Hriggnum, so Sijduna leysti fra, og hliop so Sverded a Hol, sell hañ hegar daudur nidur; En Forunautar Ossurs, sem epter lidu, ridu undañ og sogdu Vijgin: En þad er fra Þordi ad segia, ad hañ flutti Eyvind heim, og var hañ miog sar, og lae all-leingi, en vard heill Madur um sijder: En Haugur var orpin yfir Ossur. Þordur segir Vijg Ossurar a Miklabæ, og qvad Vijsu.

En hef ek Sex hin Sviña
Svelli moopur af þer Pella
Golldit i Gælga Valldi,
Gullbaugs i Jordu Drauga.
A Grund let Ossur Ondu

(*) Steggia-Hamar.

Digitized by Google

Arms Sinar þar tijna,
Sunds var hañ hiñ Sloundi,
Sandfellur Veginn Pellar.

Illa lijkadi Olufu vid Þorhall, er hañ sagdi til Þordar, og var vid sialfst bweð, ad hun mundi skilia vid hañ, fyri þessar Saker. Eñ Þordur qvad Vorkun, þo hañ hefdi so giordt, og ætti jafnañ Hlut ad með þeim Hiovnum, so betur færi, sagdi Vorkun þo hañ leysti Lijf sitt, og qvað einskis Jlls orvænt verið hafa fyri Össuri. Lijdur so fram til Jvola, ad ecki bar neitt sierlegt til Tijdinda.

XIII. Cap.

Nu er þar frá ad segia, ad Skeggi fretter Fráfall Össurs Frænda sijns, þyker honum nærre sier hoggvið vera, fylltest hñ upp mikillrar Reiðe, eñ ber það ei upp fyri neinum, því hañ vill ad Eydur og þeir Brædur Þordar visse ecki neitt af hañs Ráðagiordum, fire eñ framkiæmu. Hñ lætur setia iñ Toolf Hesia sijna á Laun, og ætlar ad ríða til Þordar, epter Jvoliñ. Og sem Jvoliñ voru vte, ríður hañ heimañ frá Reykium með Toolfta Mañ. Hañ ríður nordur Vatnsskard, og ofañ uñ Hegra-Nes, og so ut uñ Nvottena, og kom nordur fyri Dag til Myklabæar. Tunglskin var mikið: Þeir dreya Hogg á Dyr: Madur geck til Hurðar, og spurðe hvor komiñ være? Skegge sagde til sijn, og spyr hvort Þordur Hræða væri heima? Maðurin sagde: Hvað viltu honum? Skeggi sagde: Spyrðu hañ að fyri mig, hvort hañ vill heldur eiga vid mig vte edur hie, og þola Hogg af Skofnung? Eñ sem Sagañ kom til Þordar, sendur hañ upp, og tekur Vopn sijn. Hwsfreya mælti: Standi Meñ upp og verie goðañ Dreing, því hier er margt Roskra Mañá, og lætum alla verða Ferð Skeggia, Þorhalle sagde: Fyrirbijð eg hvorium Mañe, ad beita Skeggia neina Mvotstöðu, og giora honum þvilijka Skomm heim Utañ Hérads Hofðingia. Hwsfreyia sagde: Fyri laungu vissa eg það, ad þu varst Onijtur til Vopna, eñ Duglaus til Dreingskapar. Þordur mælti: Þvondi á Hwsum að ráða Hwsfreyia! Og geck ut i Dyrnar, Skegge bad hañ ut ad gánga, og gefa sier Hogg-Rúm. Þordur mælti, Og qvað Vijsu.

Kost giori ek hier á þessu,
Þar þu eggiar mig Skeggi,
Að færa Meñ Fiora
Fastendur þaungat Hesta,
Yge er ungur Augum,
Afrend man feigens Hendi.

Eige mun eg vtgánga, nema með þeim Skilmæla, ad eg fylge hier þaungað, sem eg drap Mañiñ Össur Frænda hiñ; og mun hier Miñsamara vera þvilijkt Ættar-Hogg, (*) er eg hefi hier hoggvið. Skegge sagde: Eige munu Brvkyrðe hijn veita hier kið, eñ vidurkvæmelegt þyke mier, þó þar kome fram Hefndiñ: Sijdañ foor Þordur með honum og hañs Meñ þaungað, sem Össur var dysiaður, hvarla þeir nu uñ Haugiñ. Þa qvað Þordur Vijsu.

Nu er hier Ráð at rioða
Rijkur Egg á mier Skegge,
Ef stijrir hvert ek heyrði,
Heldur þa tekur að Kvelda,
Ok minstu so Mañá,
Mordeggiandi tveggia,
Peirra er Þundar Sessa,
Þier næna vo Egg Mæna.

Skegge brá þa Skofnung og mælti: Hier skal ei sdrum að vega eñ Þorde. Eñ Þordur brá Sverdenu og mælti: Eingiñ Von er til þess, ad eg stande under Hoggum hijnum á með-añ jeg er Obundiñ. Og sem þeir voru ad tala þetta, hlupu fram að heim Atiorn Meñ, aller með brugdnum Sverdum: Var það Eydur og Brædur Þordur. Eydur kallar, og spyr hvort Þordur lifer? Þordur segir: Ecki er eg nærkomiñ Dauda að fokomnu. Aller hlupu þeir af Bake; Eydur baud Fodur sijnum Tvo Koste, þañzáñ, ad selia Þorde Frid og Grid, so hañ meige [illegible] heim til Oss og sitja i Fride: Ella mun eg veita Fostra mijnum Lid, og beriast með honum. Skegge mælti: Fyri laungu hef eg veitt það, ad þu hefur meir unnid Fostur við Þord eñ Frændsemi við mig: Ella munda eg hafa fyri laungu drepið hañ, því hañ er þess maklegur.

(*) Ættar-Skard.

Digitized by Google

legur. Eydur mællti: Ei er þad, hefur Þoꝛður eingañ hañ veigid vtañ Vijg Orms, ad hañ hafe ei eatt Hendur sijnar ad veria, eñ þo var Þoꝛde Vorkun a þvi. Skegge mællti: Þad mun lijkast Eydur, ad þu ræder, þvi eige mun eg beriaſt vid þig. Epter þetta rijdur Skegge heim til Myklabæar uñ Nvottena, og geingur iñ med brugdnu Sverde, ad Þvijlu Þoꝛhalla, og bidur Hvsfreyiu uppstanda fra Boonda sjnum, qvad og hana helldur leinge hafa sæmt vid Klæki-Mañ þeña, hun giorde so, eñ bad Þoꝛhalla Gridа, Skegge qvad Mañ-Fijlu þa nosgu leinge lifad hafa. Sijdañ took hañ i Haarid a Þoꝛhalla, og rykte honum fraṁ a Stockiñ, og hios af honum Hofudid, og mællti: Mun ei þetta miklu nær, ad slijdra Skofnung i Bloode þijnu eñ Þoꝛdar, þvi ad honum er Mañ-Skade ef hañ lietiſt, eñ eingeñ ad þier: Og er nu launad Skofnung þad honum var brugdid. Sijdañ reid Skegge i burt, og heim til Reikia, og vner illa vid sijna Ferd. Þoꝛdur kom epter þetta heim, og segir Oluf honum Vijg Þoꝛhalla Bonda sijns. Eydur var og med Þoꝛde, hañ qvad þess hefde Von verid, ad Reide Fodr sijns munde Einhvorſtadar nidur koma, þvi misg var Fader miñ þrungiñ af Bræde er vid skylldum. Oluf bad þa sitia þar so leinge sem heim-lijkade: Eydur qvad heñe vel fara, og voru þeir þar Viku, og hiellду sig vel og Hesta sijna a medañ.

XIV. Cap.

Þad segir nu þessu nærſt, ad Þoꝛdur biosst i burt og Eydur med honum. Þoꝛdur geck til Olufar, og mællti: Þess vil eg bidia þig, ad þu gyptiſt ei iñañ Priggia Vetra, ef þu spyr mig a Lijfi, þvi þu ert su Kona, er eg mun helſt Aſter af fa: Hun lofade þvi, og sagde: Jeg vænte mier og ecki framar Giaf-Ordз: Sydañ rijda þeir a Stad, og Veſtur til Midfiardar, og heim til Oſs, Eydur, Eyvindur og Þoꝛdur. Eyvindur sette Mañ fyri Bv sitt, þvi hañ villdi ecki vid Þoꝛd skilia, medañ hañ var ecki stilliñ vid Vijgaſerle sijn, er urdu a þeirra Fundi. Lijdur nu af Veturiñ. Eñ fra þvi er nu ad segia, ad Skip kom ut i Blondu-Os, þar var a Asbiorn Stijri-Madur Fraudi Skeggia. Siegge rijdur til Skips, og bijdur Asbirne heim til Reykia med Atianda Mañ, þar var hañ uñ Veturiñ, og ecki misg kaatur Þoꝛdur hafdi margt Roskra Maña med sier: Eydur var med Tijunda Mañ. Litla Stund hafde Asbiorn verid a Reykium, audur eñ Skegge spyr hañ, hvoria Ætlan hañ hafi uñ Maalaferle vid Þoꝛd, Asbiorn segir: Ad sier þække mikid ad hafa Vijg Brosdur sijns Bootalauſt, eñ hafa nogañ Styrk til Hesaba. Skegge qvad Vandrædi a Maale þvi vegna þess, ad Eydur ſtendur jafnañ a moote, ella skylldi eg vita hvorier briwgari þrde uñ Skipte ockar Oſs-Maña: Skylldu þeir nu Talid. Petta Sumar kom Skip i Hvijta i Borgarfirde. Rijda nu Meñ til Skips, bædi Nordañ ur Sveitum og vijdar Añarſtadar. Þoꝛd: Hræda reid til Skips med Toolfta Mañ, og aller al-Vopnader: Þar voru þeir Brædur aller. Þau Ord fooru af Þoꝛde, ad hañ ætlade ad rijda ad Eirindum sijnum upp epter Borgarfiord, og so suñañ Arnarvatns Heide. Petta fretter Skegge, og bisst heimañ med Atiann Meñ a Laun, so Eydur veit ecki af hañs Fyrerſaatre vid Þoꝛd, er hañ ſer ad heimañ. Þar var Asbiorn i Ferdeñe, og ridu þeir Nordur i Vijdedal, og so fyri ſtamañ Bygd alla, og sidañ fraṁ a Heide, þar sem skiliaſt Gotur, og þar ofañ Hiallañ af Vijdedal. Sa Madur fooy med Skeggia er Þoꝛbiorn het, og var kalladur Vesalingur. Hañ bivd a Landi Skeggia, og hafdi gisrdſt Arfsals-Madur hañs. Hañ eatte Aud Fiaar, eñ tijmde hvorke ad hafa fiarlsur nie laata adra hafa, og þvi var hañ kalladur Vesalingur. Eñ Eydur var rideñ uñ þeñañ Tijma nt a Nes, ad añaſt Bv þess Mañs, er Þoꝛbiorn hiet, og var kalladur Rauminge. Hañ var Arfsals-Madur Þoꝛdar Hrædu, og hafde hañ farid med Þoꝛde. Hañ eatte allrahanda gæangande Fe: Hañ biov a utahverdu Midfiardar-Nese, og gieck fiarlsala Fe hañs þar i Skoginum: Hafde Þoꝛdur þar af Þ ad sem hañ villde, var Eydur þar nockrar Nætur, og reid sijdañ heim til Oſs, og fretter hvad uñ er ad vera. Eydur safnar nu ad sier Mosum, og rijdur sem skiootaſt vid Tolfta Moñ sudur a Heide epter Fodur sijnum, og hradar Ferd siñe sem mest hañ getur: So ad jafnvel reid hañ bæde Nætur og Daga, viliande sem fyrſt finna Foostra siñ, so hañ kyñe honum til Styrks ad

Digitized by Google

vera, hvad sem uppa hæme. Nu er fra þvi ad segia, ad Þordur er i Kaupstadnum ad Kaupum sinum, so leinge sem hann þurfte, og rijdur sidan upp epter Borgarfirde, og so nordur a Heide, allt þar til ad þeir fiæa Fyrersætur Skeggia, Þordur segir til sina Manna: Hvort keðe hier þessa Menn? Ejolfur segir: Ecki veit eg þad, eda Skeggia þyke mier liklt vera, Þordur mællti: Leinge hallda þeir Frændur a Fyrersætrum vid mig: Eda þo Lidsmunur sie, þa skulu þeir sia Vid tskur. Rijda þeir Brædur nu fram ad heimmed brugdnum Sverdum: Skegge stood upp og mællti: Sækium nu ad Asbiorn Frænde, og lostum þa keda Lidsmunar, og hefnum nu Orms Frænda þijns: So skal vera segir Asbiorn, Þordur mællti: Ecki er sopid Kalid, þo i Aurssna sie komid. Sækia þeir nu ad Þorde og hans Mønnum: Þordur skaut Spioote ad Skeggia og stefnde a hann midian, eda sia Madur hlioop fyri Skeggia er Halldor het, Nærfrænde Skeggia, og kom Spiootid a hann midian, og i giegnum hann, so i Briosste stood odrum Mgne. sem a Bake var, og fellu þeir baader dauder, hann Pridia hioo hann med Sverde, so ad af took Hofudid. Verdur nu Sookniñ hin harda sta, bordust þeir Þordur og Skegge leinge Dags, so eingin skackar med heim. Þeir Asbiorn og Eyvindur sooktust i Akafa, maatte þar ecki a mille fiæa, hvar driugare munde verda: Veitte hvor odrum stoor Sær. Steingrijmur bardist i Akafa og bæarust misg Sær a hann, og vard Sev (*) Manna Bani. Skiptist nu so til, ad Steingrijmur var a moote Skeggia, eda Þordur berst vid Menn þeirra med sijnum Mønnum. Drap Þordur þar 8 Menn. Þeir Nafnar sooktust i Akafa, Þorbiorn Nauminge og Þorbiorn Vesalingur. Lauk so þeirra Vidskiptum, ad þeir duttu baader dauder nidur. I þvi hlyypte Eyde ut ad heim med Toolf Menn: Eydur hlioop af Bake, og skilde þa: Skegge var hia Reidaste og foor heim til Reykia og Asbiorn med honum, unda þeir illa vid sina Ferd. Asbiorn lær leinge i Særnum, og vard þo heill uñ sijder. Þordur og Eydur ridu heim til Oss af Fundenum. Prettan Menn fellu af Skeggia, eda Sis af Þorde: Sætu nu hvorutveggin uñ kyrt, lijdur nu af Vetrinñ so ecki bar til Tijdinda.

XV. Cap.

Had var eiñ Dag, ad Eydur kom til Reykia, og leitade uñ Sætter vid Fodur sinn vegna Þordar. Skegge qvad: Leingt Tyom a þvi Mæli, og vertu hiter hia oss i Vetur, Eydur qvad so vera skylde. Fiætt var med heim Eyde og Asbyrne: Jafnan hafde Eydur Gaat a Mønum heirra Asbiarnar og Skeggia, þvi hann visse, ad þeir sætu uñ Liff Þordar: Hann sende Þorde Ord, ad hann hefde Vakt a sier. Þad var eiñ Dag, ad Eydur vard var vid, ad Fader hñs reid heiman a Laun og upp i Herad, þoktist hñ þad vita, ad hann mundi ætla til nockra Stoorræda, þvi reid hann epter honum med 20 (**) Menn, og fundust vid Kross-Mvla: (***) Skeggi spurdi hvort hann ætladi ad rijda? Eydur mællti: Eg villdi sia Flock hiñ, Fader minn. Skeggi mællti: Vel mun hier þad fara Frændi, eda eg mun nu rijda heim aptur, þvi mier er krankt. So mun vera, segir Eydur: Eda eg mun þa rijda til Torfustada, þvi eg a þangad Eirindi; Sijdan skilia þeir. Þenan Dag geck Asbiorn til Laugar, og 6. Menn med honum.

Nu er þad fra Þordi ad segia, ad hann vaknar þenan Morgun, og mællti vid Brædur sijna: So hafa mier nu Draumar geinged til, sem þeir Skeggi og Asbiorn muni sitia uñ Liff mitt, og mun eg fara fram i Herad i Dag, (****) Og gyldra til nockra Veida ef Færi gefst, þvi eg vil ecki eiga þau yfir Hofde mier bæda Frændur: Skulum vid fara Eyvindur, og Brædur mijner. Sijdan taka þeir Vopn sijn, og rijda til Reykia. I þann Tijma geck Asbiorn fra Laugenni, og sau Menn rijdandi: Asbiorn mællti vid sijna Menn: Þar er Þordur Hræda og lætur Ofridlega, og mun vilia fina mig, og skulum vid snua upp a Hooleñ og bijda þar; Þeir gisra so. Þa sveimar Þordur þar ad heim, og slæst þegar i Bardaga; Voru hvorutveggiu hiner a kafustu, þvi eingenn var Lidsmunur. Þordur vard skiott Manns-Bani; Þar fellu 3. Menn af Asbyrni, eda 1. af Þordi: Þa svokti Þordur ad Asbyrni, og veitti honum morg Sær, so hann var nærri Ovijgur. Þa kom Skeggi ad med brugdnu Sverdi, og

(*) Fiogra. (**) Tiju. (***) Kross-Mela. (****) Fra Hwsi i Dag.

Digitized by Google

di, og mælti til Asbiarnar: Þvi trúir þu ecki heim? Asbiorn qvad Visu.

Læt ek i Hug mier hetta,
Hardt Moot er þad Spioota,
Lins þarf ek Lifs þijns Frændi
Legg fara ek Skeggi.
Ei reñ ek því at iña,
Ek miñist Gnæar Tviña,
Hrauþur er Vorn sw vorduſt,
Vid Freyan samañ lijtit.

Asbiorn settist nu nidur, því hñ mædti Blood-Raas. Skeggi hioop til Þordar, og vard hañ misg sær, og kom a Hælena, og i því kom Eyd-ur ad med 20. (*) Meñ, og hliooþ hañ a millum, og qvad þa ei leingur beriast skylldu: Hañ qvadst skylldi drepa Asbiorn, nema hañ gisrdi eñ uñ Mæliñ: Asbiorn mælti: Þad var Eirindi mitt, ad sækia Festarmey mijna; Eñ þegar eg fretti Fall Brodur mijns, þa villda eg hefna hañs: Eñ nu er sem komid er, ad eg kijs helldur Sætt, Grid og Frid vid Þord. Þordur mælti: Fostra mijnum vil eg gefa allar Virdingar af þessum Mælum, eñ ecki hyrdta eg uñ Sætter ad so komnu, helldur villda eg ad so hefdi farid, sem audnast hefdi uñ Leika vora: Lauk so, ad hvor het odrum Sattum, og var Dagur tilsettur, og gengu þeir aller til Handsala: Skeggi, Asbiorn og Þordur. Hond Þordar þrytnadi upp epter Særeed. Eydur skar allañ Arar-Fa-vezin wr Særeun, tosk þa wr allañ Verkiñ.

Eydur stefner nu Herads-Þing, og komu þeir þar aller: Skeggi, Asbiorn og Þordur. Eydur lauk upp Gisrdiñi, og sagdi fyri Vijg Ossurs 2. Hundr. Merkur Sylfurs, eñ hid 3. falli nidur, fyri Fiorrad og Adsoobner vid Þord, eñ Meñ Ossurar falli aller Ohelger: Eñ fyri Vijg Orms gisri eg 2. Hundr. Sylfurs. Eñ fyri Ai verka hañ er Fader miñ veitti Þordi, gisri eg Hundrad Sylfurs. Sijdañ skal Asbiorn fa Sigrijdar, sem ætlad var; Skal Þordur hafa Brullaup hia ser, og er hier Hundrad Sylfurs, er vid Fostri miñ vilium fa þier i Frænd-Bætur allar: Þeir þackadu honum fyri. Skeggia þanst sætt til, eñ qvedst mundi halldа Sætter vid Grid vid Þord. Þordur þackadi Fostra sijnum Sattargiordena, eñ ecki vil eg hafa þad sem þu giorder mier til Handa, skal Skeggi ecki greida þetta Fe, því ecki mundi Þordur Fader miñ hafa teked þetta Fe af sig, edur adrar Fe-Mætur, og ecki helldur Hordakeari Asi miñ, og skal eg ei þetta Fe taka. Þad virdtest vel fyri Þordi.

Nu bijst Þordur vid Brudkaupi, og bydur til morgum Mañi: Eñ uñ Kvolded skipar hañ Mañum i Sæti. Skeggi sat i Andvegi a hinum ædra Beck, og Þordur har gegnt honum: I odrum Beck sat Asbiorn Bondguminñ i Andvegi, og Eydur gegnt honum. Brudirnar satu a Þverpalli, og var þar vel Mañad. Aller voru þeir kater nema Skeggi, hañ var helldur O-frijñ. Gengu Meñ til Sængur uñ Kvolded: Uñ Morguniñ gengu Meñ til Dryckiu epter Vanda: Skeggia var helldur þyngt i Skapi, og misg O-kætur uñ Veitsluna. Hañ hafdi Skofnung under Bordum hia ser, og hafdi hañ lagt Sverded a Baki ser. Þordi mislikadi ad Skeggi var O-kætur. Þordur took Skofnung og brá honum. Eydur mælti: þetta er Þarfleysa. Fostri miñ. Þordur mælti: Hvad mun saka? Eydur mælti: Þvi þad er Nattura Sverdsins, ad eitthvad verdur ad hoggva, i hverri hañ Tijma sem þvi er brugded. Þad skal fæst, segir Þordur, og hliooþ vt, og qvedst skylldi gisra meiri Beniat, og hoggur eitt Hross er stood i Twnenu. Eydur qvad þad illa gisrdt. Nu er þar fra ad segia, ad Skeggi vaknar og saknar Skofnungs og Þordar: Hañ vard reidur misg, og spurdi hvar Þordur væri eda hvad honum mundi vallda er hañ geck i burt? Eydur mælti: Eg vell þvi Fader miñ, ad Þordur hioop Hrossed, þvi eg sagdi honum Nattura Sverdsins. Þordur kom þa iñ, og qvadst sialfr valda þvi. Skeggi mælti: Jeg vil Þordur, ad vid reynum med ockur, þad ætla eg ad laata mier lijka, og er eg þess albwñ. Eydur og Asbiorn geingu þa a milli þeirra, og nam ei ad beriast. Þa mælti Þordur vid Skeggia: Med því ad þeir vilia ei, ad vid reynum med ockur, þa ætla eg vel salled, þo Skeggi gisri eñ uñ, ef ad honum synest nockur Svijvirding gisrd vera. Eydur mælti: Vel er boded Fader miñ, og er gott ad taka Sialf-

dæmi

(*) Tijn.

Digitized by Google

bæmi af slijkum Mañi sem Porbiørner: Skaggi verdur nu kaatur, og mælti: Tiin Kiir kys og mier til Handa: Þordur segir: Þetta skal eg vel greida. Lijkadi nu allvel hyerutveggium, og skildu med Vinattu: Foor Eyður med Þordi heim til Oss.

XVI. Cap.

Sijdann Tijma þar epter, kom Þordur ad Mæle vid Eyd, og mælti: Þad vil eg Foostri minn, ad þu rijder Nordur til Miklabæar til Olufar Hroilsgsdoottur, (*) Heñar villda eg þu beidder mier til Handa, þvi eg añ heñe mikid, Eyður mælti: Skyldt er mier Foostre min ad fara hvørt sem þu vilt senda mig, Eñ vel þækte mier fallid, þo ott þu færer sialfur med, Þordur qvad so vera skylde. Sijdañ ridu þeir heimañ, Þordur Hræda, Brædur hañs, Asbiørn og Eyður med honum, og komu til Miklabæar, þar var heim vel fagnad, og voru þar uñ Noottena. Uñ Morgunin bæru þeir upp Erindi sijn: Hun took þvi vel, og voru Vottar til nefnder: Foor so Handsøl fram uñ hañ Nordan Hag. Oluf villde sialf hafa Bøvid iñe. Epter þad ridu þeir heim: Þordur baud til Veitsl uñar morgum Mañe. Hañ baud Eyd og Asbirne Mangie sijnum. Epter Veitsluna leyser hañ þa ut med Virduglegum Giøfum: Uñ Vorid settist Þordur ad Miklabæ, eñ Brædur hañs ad Øse i Midfirdi, Þordur vard skiott Audigur Madur af Smijdum sijnum. Madur er nefndur Þorgils goodur Bondi, hañ bioo a Hrafnagile i Eyiafirde, hañ giorde Þorde Ord, ad hañ kiæme Nordur til sijn, ad smijda Skaala sijn, Þordur het Ferdiñe og foor hemañ med añañ Mañ, og upp epter Skagafyrdi, og so ofañ Hrnadals Heidi Nordur. I þañ Tijma kom Skip ad Gaasum i Eyiafyrde, þar var sa Madur a er Sørle hiet, og kalladur hiñ Sterke. Hañ var allra Mañna sterkastur, og Vijgur hvørium Mañe betur. Hañ var vel ad sier i sñu, so hvørium Mañe lijkade vid hañ: Hañ var Fodur-Brodur Orms er Þordur drap og Asbiarnar. Sørli fær sier Hesta, og ætlar ad fara i Midfiord og sijña Frændur sijna. Frett hefur hañ og Vijg Orms. Hañ rijdur fra Skipe sijnu med Atsian. Meñ uppa Qrnadal, og so fram a Heide til Lurka-Steins. Þeñañ sama Dag rijdur Þordur Hræda yfer Heidena, allt þar til ad hañ kom Nordur ad Lurka-Steine. Hañ sier hvar Atsian Meñ rijda a mvote sier, og bikest ei vita hvørier vera mune, og stijgur af Bake, þa bar skiott ad honum. Þordur heilsar Meñum þess um og spyr Foringia þeirra ad Heite, hañ sagdi Hette sitt, Þordur segir: Ertu Sørle hiñ sterke? Kalla mættu mig þad ef þu vilt segir Sørle: Ed ur hvør ertu? Þordur segir til sijn: Sørle segir: Ertu sa sem drepid hefur Orm Frænda min? Sa er Madurin segir Þordur: Og mættu nu hefna hañs ef þu vilt, eñ ecki hef eg hvisst vid þijnum Fundi, og bætt hefe eg Vijg Orms. Engu hefur þu mier bætt segir Sørle, og skal eg ecki nijdast a þier: Þvi eg baña hvørium Mañe ad giora þier Mein. Eñ vid skulum hvast Tveir einer til Bardaga. Sijdañ geingu þeir samañ alldiarflega; fañ Þordur þad full skiott, ad Sørle var Afburda-Madur til Vopna-Fimleika, og ei þyktisi hañ braustare Mañ fundid hafa. Þrittehvast sdrum morg Sær og stor, Eñ so lauk, ad Sørle fell daudur nidur til Jardar, eñ Þordur var so þyrkomin, ad hañ komst ecki sialfur a Bak, og studdi Forunautur hañs hañ, og þurfte þo alls vid. Ridu so ofañ i Urnadal til Bæar þess sem Þuera heiter: Þar bioo sa Madur er Einar (**) het, hñ took vel vid Þorde, og lea hañ þar hia honum leingc i Sæarum: Og vard þo heill uñ sijder. Sørle var heigdur þar i Hoolnum sem Fundurin var: Og þookke ad honum hiñ meste Skadi. Meñ hañs ridu Vestur til Reykia i Midfyrdi, og sogdu þeim Skeggia og Asbyrne Vijg hañs. Þaokte þeim þad mikid ad fretta, eñ vorkendu Þorde, þo hañ hefde varid Hendur sijnar. Nu batnar Þorde Særa sina: Hañ rijdur so til Hrafnagils, og smijdar þar Skaalañ uñ Sumarid, hañ sem eñ sendur: Hañ hefur giort Skaalañ wt i Hofsa-Hverfi ad Hofda, og vijdar Annarstadar

Þordur reid Vestur a Sveiter, ad sættast a Vijg Sørla, vid Asbiørn Maag sin og Skeggia: Foor hañ til Miklabæar til Biwa sinna; Asbiørn keypte Backa-Land i Midfyrde, og bioo þar Priar Vetur. Hañ var Ofbeldis-Madur i

Skap

(*) Hrolleifsdoottir.

(**) Ormur.

Digitized by Google

Skapi, so hann mundte ei hier vera, med Fraendum sinum: Pvi sellde hann Landid og foor utan, og stadfesteſt i Norveg, og jook Ætt sina. Eydur var longum i Kaup Ferdum, og var an Hende Tignum-Monnum, og jafnan mikils virdtur: Enn er honum leiddest hann, settist hann i Bvnad, hiin Efra Hlut Æfi, ad Ase i Borgarfyrde. Foor Skegge sudur i As til Eyds Sonar sins, og And adist par, var hann Heygdur fyrr ofan Gardana: Par mun sia Bein hans i Nordtmoala-Vordune. Eydur bioo i Ase til Elle: Jafnan fundust peir Fostrar Eydur og Pordur, og gafust Gisum: Skilde allrei peirra Vinattu medan peir lifdu. Ecki kom Pordur til Noregs sidan hann foor hadan, pui hann var Utlægur gior og Brædur hans, fyri Atteku Sigurdar Kongs Olefu Eyriksſonar. Mikil Ætt er komin af Porde Hræda, og marger Gofger Menn, bæde a Islandi og Noreg. Pad er Mael Manna, ad had hafe ordid ad Ahrins-Ordum, er Pordur sagde: Ad jafnan munde vera nockrar Hræbur i Midfyrdi, hefur had jafnan verid Oeilugiara ara en i odrum Hersdum. Pordur Hræda vard Sodt-daudur. Hafum ver ecki fleira heyrt sagt med Sannleik af honum:

Lwkum vier so Sogu Pordar Hræda.

* * * * *

Hier Byrtar SÖGUna

Af

Grettir Asmunds-Syni STERKA.

I. Cap.

Aunundur het Madur, Sonar Sonur Ofeigs Bullufoots, Yvars-Sonar: Aunundur var Brooder Gudbiargar Mooder Gudbrands Bunu, Fodur Asu, Modur Olafs Kongs hins Helga. Aunundur var Upplendingur ad Modur-Ætt: En Fodur-Ætt hans var mest an Rogalande og Hordalande. Aunundur var Vikingur mikill, og heriade Vestur um Haf: Med honum voru i Hernade Balke Kvanings Son af Soota Rese, og Ormur hin Audge. Hallvardur het hin Pridie Felage heirra: Peir hafdu Fim Skip, og all vel bvin og skipud. Peir heriudu um Sudur Eyar, og er peir komu i Nær-Eyu, var par fyri Kongur sa er Kiarvallur hier. Hann hafde Fim Skip: Peir logdu til Bardaga vid hann, og vard hord Hrijd med beim, voru Aunundar Menn hner aksfuſtu, fell margur af hvorutveggium. En so lauk, ad Kongur flijde Ein-Skipa. Tooku peir Aunundur par bæde Skip og Fe mikid, og scatu peir par um Vetur-n. Priu Sumur heriudu peir um Yrland og Skotland, sidan foru peir til Norvegs.

II. Cap.

Penan Tijma var Ofridur mikill i Norege, og brauzt har til Rijkis Haraldur Liwsa, Sonur Hvaldanar Hvijta, hann var andur Kongur an Upplendum: Sijdan foor hann Nordur an Land, og atte har margar Orustur, og hafdi jafnan Sigur. Steſndi hann so sudur epter Lond.

Digitized by Google

Londum, og lagdi under sig hvar sem hann kom. Nu er hann kom sudur a Hordaland, Riedst þar a moote heim Mvgur og Marg-Menn: Vorn þar Formenn Kistunga hin Audge og Porer Hakelaungur, og Sudurvikinga, og Soolke Kongur, og Geirmundur Hellar-Skiti. Var Aunundur ecki i Bardaga, ellbo eatte hann Rijke a Hordalande. Petta Sumar komu þeir Aunundur Vestan um Haf, og hans Felagar: Eñ er þad frettu þeir Porer Hokulaungur, og Kistunge Kongur, þa sendu þeir Menn til moots vid þa, og bodu þa Fulltijngis, og heim Londum: Riedust þeir þa i Lid med heim Porer, þvi heim var mikil Forvitne a ad reyna sig, og sogdu so, ad þeir villdu þar vera sem hordust var Orustan. Fundur þeirra Haralds Kongs var a Rogalande, þar sem heiter i Hafurs-Fyrde, hofdu hvorutveggin all-mikid Lid. Pesse Orusta hefur ein su mesta verid i Norvege, Komna hier vid flestar Sogur: Þvi fra heim er jafnan fyrst sagt, er Sagan er hellst af gior. Kom þar til Lid um allt Landid, og margt ur ødrum Londum, og Fiollde Vijkinga. Aynundur bigde sitt Skip a annad Bord Poris Skipe, þad var mieg i midium Hernum. Haralldur Kongur lagde ad Skipe þeirra Hokulaungs, þvi ad Porer var hin meste Berserkur og Fullhuge: Vard hin hardasta Orusta þar af hvorutveggium, þa het Kongur a Berserke sijna til Framgongu, þeir voru kallader Ullshiedar, a þa bitu eingin Jarn, og er þeir geistlust fram, þa heldst eckert vid. Porer vardist all-diarflega, og fell med mikilli Hreysle a Skipi sijnu; Var þa raaded ad Skipenu, og hoggvid vr Teingslum, seig þad þa aptur a mille um Skipanna: Lægdu þa Kongs-Menn ad Skipi Aunundar, hann var fram a Skipenu, og vardist all dreingilega. Pa mællti Kongs-Menn: Sa geingur fast fram. Aunundur var komin a Skip til þess Manns er Præandur het, hann var Biarnason, Brooder Eyvindar Austmans; Hann var i wooti Haralldi Kongi, og lag a annad Bord, Skipi Eyvindar; Pessu nærst brast Flootti i Lid þeirra. Peir Præandr og adrer Vidingar, hofdu sig þa i burtu, hver sin mætti, og sigldu þegar vestr um Haf: Aunundur foor med honum, og Baalki og Hallmundur Sugandi. Aunundur var græddur, og gek vid Tre-Fot alla Æfi: Og var kallader Aunundur Drefotur.

III. Cap.

Pa voru fyri vestan Haf margger agiætter Menn vr Norvegi, er stwed hofdu fyri Haralldi Kongi, þviad hann giordi alla wtlaga, þo er wooti honum hofdu barist, og took under sig Eigner þeirra: Pa er Aunundur var grosin Sarra sinna, foru þeir Præandur moots vid Geyrmund Heliarskin, þviad hu var þa frægaztur af Vijkingum, fyri vestan Haf, og spurdu hvert hann villdi nockud vitia Rijkis hess er hann eatti i Hordalandi, og budu honum Fylgd sijna: Pooktust þeir eiga eptir Eignum ad sæa, þviad Aunundur var Stooreettadur Madur og Rijkur: Geyrmundur qvad þa ordin so mikin Styrk Haralds Kongs, ad honum þoockti þa litil Von, ad þeir fengi þar Sæmder med Hernadi er þa fengu Osigur, er ad var dregin nealega all: Lands-Lijdur: Qvadst og ecki nenna ad gisrast Præll Kongs, edur beidast þess sem hann þæktist eadur eiga sialfsuk, qvadst heldur vilia leita sier annara Forlaga: Var hann þa af Æskuleidi. Foru þeir Aunundur þa til Sudureya, og hittu þar marga Vini sijna.

Osteigur het Madur, og var kalladur Grettir; Hann var Sonur Einars Aulvissonar, hann var Broodur Oleifs Breidfootar, Fodur Þormodar Skakka. Steinulfur var og Son Aulvis Barnakarls, Fodur Unu, er eatti Þormodr Lurkappi. Steinulfur var med og Sonur Aulvis Barnakarls, Fader Kvonals, Fader Asdysar hinar Bæreisku. Son Kvonals var Steinmodur Fader Halldoru, er eatti Ejulfur Son Ketils Einhendta. Osteigur Grettir eatti Asnin Vestarsdotter Hængsonar. Asmundur Skegg lausi var Son Osteigs Grettirs; Eñ Dætur hans voru hær Alfdys, Æsa, og Asvor. Osteigur hafdi stocked vestur um Haf, fyri Reidi Haralds Kongs, og so Þormodur Skakti Frændi hans, og hofdu med sier Skyldu-Hirdsitt; Peir Hertudu um Skotland, og vijda fyri vestan Haf; Præandur og Aunundur Trefootur æludu vestur til Irlands, a Fund Eyvindar Austmans Brooder Præandar, hann hafdi Landvorn fyrir Irlandi. Mooder Eyvindar var Hlyf Dotter Hrolfs Ingialldssonar Frooþasonar Kongs; Eñ Moo-

Digitized by Google

der

der Prandar var Hafda Dottter Aundoddz Krakn. Bisrn vaz sader heirra Eyvindar og Prandar, og Hrossis frá Ane, hañ flokt vr Gaurlandi, fyri þad hañ brendi ike Sighvat Mang Holvals Kongs; Sidañ hafdi hañ fared til Norvegs, og var uñ Vturen med Grimi Herfir, Syne Kolbiarnar Snepils, hañ vildi myrda Bisrn til Fiar: Padañ foor Bisrn til Aundyddz Krakn, er bioo i Hranni a Augdum, hañ tok vel vid Byrne, og var hañ med honum a Vetrum, en i Hernadi a Sumrum, þar til er Hlyt letst Kona hañs. Epter þad gypti Aundoddur Byrni Dottur sijna Helgu, og let Bisrn þa af Her-Ferdum: Eyvindur hafdi teked vid Her-Skipum Fodur sijns, og var nu ordeñ Hofdingi mikill, fyri vestañ Haf, því hañ atti Rafortu Dottur Kiarvalds Jra Kongs; Peirra Son var Helge hrk Magre, og Snæbisrn! Eñ er þeir Prandur og Aunundur komu i Sudur-Eyar, fundu þeir þa Ofeig og Pormood Skapta; og giordist med þeim Vinatta mikil, því hver þokte sañ vr Hellu heimt hafa, þañ er epter var i Norvegi, medañ Ofridur var mestur.

IV. Cap.

Aunundur var hlioodur miog, og er Prandur sañ þad, spyr hañ epter, hvad honum bioo i Skapi? Aunundr svarar, og qvad.

Glatt er mier sijst mættum,
Margt hremer til sneckia,
Oll stood Geigur af Gygi,
Galldur ei Prumu Skialldar.
Hrekk a Pegnum þakki,
Þad er mest Kona flestum,
Oss til Yndis Missu,
Einhlijt til mijns lijtid.

Prandur qvad hañ þar þykia rosknañ Mañ, sem hañ væri þa, hellst er þier þa ad stadfesta Raad sitt, og kvongast; Skal eg þar tilleggia Ord mijn og Lidsemi, ef eg veit hvar þu þorfnr a. Aunundur qvad honum vel fara; Eñ qvad þo þorfit hafa væña uñ Kvonfaangeñ, þar er Slægur væri til. Prandur mælti: Ofeigur a Dootter er Ósa heiter, meigum vid þar til leita ef þu vilt: Aunundur lætsi þad vilia. Sidañ

leitudu þeir vid Ofeig: Hañ taladi vel, og segdi vita ad hañ var Skoorsetadur og vinur af Landi Fe: En Jarder hañs legg eg Odiset, þvi ecke uten hañ ei heill til gaunga, eñ Dootter mijn er Barn ad Alldri. Prandur qvad Aunund rosknari eñ margañ Heilsœttañ: Og med Lidveitslu Prandar var þessu keypt, skyldi Ofeigur geta Dottur sñi Heimañ-Lausafe, þviad Jarder þær sem i Norvegi voru, vildi engeñ kaupa.

V. Cap.

Vijgbioodur og Vestmadur hetu Vijkingar Tveir; Peir voru Sudureyskir, og lodu wti Vetur og Sumur; Peir hofdu 13. Skip, og heriudu mest uñ Irland, og giordu morg Illvyrki, þar til er Eyvindur Austmadur took þar Landvorn; Sidañ flucku þeir a Sudur-Eyar, og heriudu þar, og allt iñ i Skotlands Fiord. Prandur og Aunundur foru til moots vid þa, og spurdu, ad þeir hofdu siglt iñ til Eyar þeirrar er Boot heiter. Nu koma þeir Aunundur og Prandur a 5. Skipum: Og er Vijkingar sia Skip heirra, og vita hverju inorg eru, þykiast þeir hafa nogsañ Lids-Afla, og taka til Vopna sña, og leggia a moti Skipunum: Aunundur bad þa leggia Skipum sijnum milli Hamra 2ia: Par var miovtt Sund og diupt, mætti þar einumegiñ adsækia, og ei fleirum eñ 5. Skipum i sen. Aunundur var Maña vitrastur, og let hañ leggia 5. Skipum fram i Sunded, so ad mætti þegar Sijga a Honlu ef þeir villdu, þviad Rum-Sær mikill var ad Bake þeim, og Hialmur nockur a anad Bord, let hañ þar liggia under eitt Skiped, og færdu þeir Griost miked fram a Hamariñ, þar er eigi mætti sia af Skipunum. Vijkingar logdu ad alldiarflega, og þokku hiner komner i Stilli: Vijgbioodur spyr hverier þesse er være ad þar væri so kvijader? Prandur segir ad hañ er Brooder Eyvindar Austmañs, og eirneñ er her Felage miñ Aunundr Trefootur. Pa hlooo Vijkingar, og mæltu þetta:

Troll hafi Trefoot allan,
Tvollen steipi þeim ollum.

Og er þad forsed, ad þeir Mek fare i Ofusu sem ecki meiga sier. Aunundur qvad þad ecki vitd, fyrr eñ reyndt være: Epter þad logdu þeir samañ Skipiñ, tokst þar Hardur Bardage, og

Digitized by Google

geingu hverutveggin vel fraſt, þa let Aunundur beraſt ad Hømrænum: Og er Vijkingar ſaau þad, hyggdu þeir ad hañ mundi ſlya, og løgdu ad Skipi hañs under Hamariñ, ſem þeir mættu vidkomaſt. Jþoi Bili komu þeir a Biarged, er til beſs voru ſetter, færdu þeir a Vijkinga ſo ſpoort Grivot, ad ecki hielldſt vid: Fell þa Fiolde Lids af Vijkingum, eñ ſumer meidduſt, ſa ei voru Lidfærer. Þa villdu Vijkingar fræleggia, og mæattu eigi, þviad Skip þeirra voru þar ſem miooſt var Sunded: Preyngdi þeim þa bædi Skip þeirra og Stormuriñ. Eñ þeir Aunundur ſookttu af Kappi þar ad ſem Vijgbioodur var fyri, eñ Prændur lagdi ade Veſtmañi, og vañſt þar lijſted af. Þa er fæckadi a Skipi Vijgbioods, riedu Meñ Aunundar til Uppgaungu, og hañ ſkalfur: Þad ſa Vijgbioodur, og eggiadi Kappa Lid ſitt, ſuert hañ þa i mooti Aunundi, og ſtucku fleſter fraa: Aunundur bad ſijna Meñ ſia hverſu færi med þeim. Þeir ſkutu Stubba nockrum under Kne Aunundi, og ſtood hañ helldur faſt; Vijkinguriñ ſookti faſt aptañ epter Skipeenu, þar til hañ kom ad Aunundi, og hioo til hans med Sverdi, og kom i Skialldiñ, og took af hañ er nam; Siidañ hliood Sverded i Stubbañ hañ er Aunundur hafdi under Knenu, og var Sverded faſt i hønum, Vijgbioodur laut, er hañ kipte ad ſier Sverdenu, i þvi hioo Aunundur a Hælena, ſo aftook Hendena, þa vard Vijkinguriñ Ovijgur. Þa er Veſtmadur viſſe ad Felagi hañs var falliñ, hliood hañ a þad Skip er vtſt var, og ſtydu aller er þvi nædu: Epter þad kɔñudu þeir Valeñ, var Vijgbiſsodur komiñ þa ad Bana. Aunundur geck þa ad hønum, og qvad:

Sladu hvert Sax þijn blœda,
Saaſtu nockud mig hrockva,
Audſlonger feck enga,
Einſœttur af þier Skeinu.
Mier er morgum ſneru,
Maalkap Laged gialpar,
Reint er ad Pegn i Prauter,
Pickvendur eñ Hyggindi.

Þeir tooku þar Herſaung miked, og forn aptur i Færeyar uñ Hauſted.

VI. Cap.

Epter uñ Sumared hiugguſt þeir til ad fara veſtur til Irlands, þa rueduſt þeir Bœlki og Hallvardur veſtañ uñ Haf, og komu vt til Islands, þviad hadañ voru ſagder Land-Koſter gooder: Bœlki nam Land i Hrwtafyrdi, og bioo a Bœlkaſtsdum: Hallvardur nam Suganda-Fiord og Skœla-Vijk, til Stiga, og bioo þar. Aunundur og Prændur komu a Fund Eyvindar Auſtmañs, og took hañ vel vid Broodur ſijnum: Eñ er hñ viſſe ad Aunundur var þar komiñ, fo vard hañ reidur, og villdi veita hønum Adgaungu. Prændur bad hañ þad ei gioera, og qvad þadeigi ſtanda, ad hañ gieri Ofrid Norrænum Mønum, og allra ſtiſt heim, er med einga Oſpekt fœri. Eyvindur qvad hañ fared hafa forri, og Ofrid giordt Kiarvali Kongi, og ſagdi hañ nu beſs giallda ſkylldi. Attu þeir Brædur leingi uñ þad ad tala, allt þar til ad Prændur ſegir, ad Eitt ſkylldi yſir þa gaunga banda: Þa let Eyvindur þad faſt. Dvolduſt þeir þar, og ſoru med hønum i Her-Ferder uñ Sumared: Þookti hønum Aunundur hiñ meſti Hreyſti-Madur; Foru þeir til Sudur-Eya uñ Hauſted: Gaf Eyvindur Prændi Arf epter Fodur þeirra allañ, eſ Biorn andadeſt fyrri eñ Prændur. Voru þeir i Sudur-Eyum, þar til þeir kvæntuſt, og nockra Vetur ſijdañ.

VII. Cap.

Þad bar til þeſſu nœrſt, ad Biorn Andadiſt Fader Prændar, og er þad frette Grijmur Herſer, foor hañ til Aundodds Krœku, og kallade til Fiarens epter Biorn, eñ Aundottur qvad Prænd eiga Arf epter Fodur ſiñ. Grijmur qvad Prænd Vttadañ fyri Breſtañ Haf, eñ Aundottur qvadſt halda munde Fenu a Prænd Dottur-Son ſiñ: Grijmur foor þa i burtu, og feck ecki af Fenu, og er Prændur ſpyr Leat Fod ur ſijns, bioſt hañ þegar ur Sudur-Eyum, og Aunundur Tre-Footur med hønum, eñ þeir Ofeigur Gretter, og Þormoodur Skapte fooru til Islands med Skullda-Lid ſitt, og komu ut a Eyr ſuñañ Landid, og voru hiñ fyrſta Vetur hia Þormodi Larakappa, og nefnu Snivpveria Hrepp: Ofeigur hiñ ytra Hlut, milli Þvera

Digitized by Google

og Kaalfaar. Hañ bioo a Ofeigsstodum hia Steinstodum, eñ Pormoodur bioo i Skaptholti, og nam hiñ eystra Hlut. Dætur Pormoodar voru þær Porvar Moodur Porodds Goda a Hialla, og Porfiña Moodur Porsteins Goda, Fodur Biarna hiñs Spaka.

Nu er ad segia frá þeim Prándi og Aunundi, ad þeir figldu vestañ uñ Haf til Norvegs, og seingu so Hradbyre, ad eingiñ Riooss foor uñ Ferder þeirra, fyrr eñ þeir komu til Aundotts Kraku; Hañ took vel vid Prándi, og segir honum frá Tilkalli Grijms Herfirs, er hañ hafdi haft uñ Arf Biarnar; Liitst mier Frændi betur komed, ad þu erfir Fodur þiñ, heldur eñ Kongs Prælar: Hefur þier og Giæfusamlega tekist, ad eingeñ Madur veit uñ Ferder þijnar, eñ grunar mig, ad Grijmur stefni ad sdrumbyerium ockar, ef hañ man: Vil eg ad þu taker Arfiñ ad þier, og hafir þig til añdra Lauda. Prándur qvadst so giora mundi: Took þañ þa vid Fenu, og bioost sem skyndilegast burt wr Norvegi. Adur Prándur figldi a Haf, spurdi hañ Aunund Trefoot hvert hañ vill ecki leita til Islands? Aynundur qvedst vila siña fyrst Frændur sijna og Vine sudur i Landi: Prándur mællti: Þa munum vid skilia, villda eg ad þu siniader ei Frændum mijnum, þvi þeingad mun Hefudum sumeb, ef vid komumst undañ, mun eg fara til Islands: Tooku þeir Ofeigur og Pormoodur Skapti vid honum seigens Hendi. Prándur bioo i Prándarholti, þad er fyri vestañ Pioorsa.

VIII. Cap.

Aunundur foor sudur a Roga-Land, og hitte þar Frændur sijna og Vine: Dvaldist hañ þar a Laun med Kolbeine nockrum: Hañ spurdi ad Haralldur Kongur hafde tekid under sig Eigur hañs, og skipad þeim Mañe er Hærekur het, var hañ Vinur Kongs. Hañ foor til hañs uñ Noott, og took Hws a honum, var Hærekur til Hoggs leiddur. Aunundur took þar Lausa-Fe þad sem hañ naade, eñ brende Bæeñ, hafde hañ þa verid i ymsum Stodum uñ Veturiñ. Petta Hausst drap Grijmur Herser Aundott Kraku, fyri þad hañ gat ei uæd Fenu til Handa Konge, eñ Signij Kona Aundotts bar a Skip Lausa-Fe allt þeirra Hyvna, og fodr med Sonu þeirra Asmund og Grijm til Sigvatz Fodur sijns. Litlu sijdar sende hun Sonu sijna i Sunoksdal til Hiedens Foostra sijns; Undu þeir þar litla Hrijd, og villdu fara aptur til Mood ur siñar: Fooru þeir til Ingialldz Triggva ad Joolum, hañ took vid þeim fyri Aeggian Konu siñar Gidu, voru þeir þar uñ Veturiñ. Uñ Vorid kom Aunundur Nordur a Agder, þvi hañ hafde spurdt, ad Aundottur var drepiñ, eñ er hañ fañ Signiu, fyr hañ hveria Lidveitslu þau villdu af honum þiggia: Hun sagde, ad þau villdu hefna a Grijme Herser, fyrir Vijg Aundotts, var þa sendt epter Aundotts Sonum, og er þeir fundu Aunund Tre-Foot, logdu þeir samañ Lag sitt, og hielldu Frettum fyri uñ Atferder Grijms og Athafner. Uñ Sumared var Dheita ad Grijms, þvi hañ hafdi bodet heim Auduñi Jarli: Og er þad frettu þeir Aunundur og Aundotts syner, fooru þeir til Bæar Grijms, og bæru Eld ad Hwsum, þviad þeir komu Ovart, og brendu Grijm Herfir iñi, og nær 30. Maña: Peir tooku þar marga goda Gripi. Aunundur foor til Skoogar, eñ þeir Brædur tooku Bat, og reru i burt a Laun, og leegu i Leyni skamt frá Bænum. Auduñ Jarl kom til Veitsluñar, sem ætlad var, og saknadi þar Vinar i Stad, og safnadi ad sier Moñum, og dvaldest þar nockrar Nætur, og frettist ecki til Aunundar, og þeirra Felaga: Jarl svaf i Loptí einu vid 3ia Mañ, eñ Aunundur visse oll Tijdindi a Bænum, og sendi epter þeim Brædrum: Og er þeir fundust, fretti hañ hvert þeir villdi heldur geima Bæeñ, edur gaanga ad Jarli? Peir kiorú ad gaanga ad Jarli: Peir skutu Stocki a Lopt-Dyrnar, so Hurdeñ brotnadi; Sijdañ greip Asmundur þa 2. sem voru med Jarli, og rak nidur so hardt, ad hieldt vid Bana. Asgrijmur bliisop ad Jarli, og bad hañ greida sier Fodur-Gisild, þviad hañ hafdi verid i Atfor og Roadum med Grijmi Herfir, þa er Aundottur var drepiñ. Jarl qvedst ecki hafa Fe hia sier, og bad hañ fresta vid Gialldeð. Asgrijmur setti þa Spiootsoddiñ fyri Brioost Jarli, og bad hañ greida i Stad: Jarl took Men af Halsi sier, og 3. Gull-Hrijnga, og Gudvefiar Skyckiu: Asgrijmur took vid Fenu, og gaf Nafn Jarlenum, og kallade hañ Audun Gett. Þa er Bændur og Herads-Meñ urdu varer, ad

Digitized by Google

Ofridur mundi adkomiñ, gengu peir ve, og vildu veita Lid Jarli: Vard þar hord Hrijd, þviad Aunundur hafdi margt Manna: Par fellu marger goder Bændur og Hyrd-Menn Jarls.

